

**„...það er ekkert sjálfgefið
að þetta sé tækifæri“**

- Eigindleg rannsókn á upplifun
samkynhneigðra karla á atvinnuleysi

Pedro Gunnlaugur Garcia

Lokaverkefni til B.A.-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



*„...það er ekkert sjálfgefið
að þetta sé tækifæri“*

- Eigindleg rannsókn á upplifun
samkynhneigðra karla á atvinnuleysi

Pedro Gunnlaugur Garcia

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Pedro Gunnlaugur Garcia 2012

Prentun: Samskipti

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitast við að greina helstu afleiðingar atvinnumissis, sem birtast í sálrænum, félagslegum, fjárhagslegum og heilsufarslegum áhrifum á þá sem verða fyrir slíku áfalli. Í umfjöllun og rannsóknum á málefninginu hefur komið í ljós að nokkur kynjamunur er á því hvaða afleiðingar atvinnuleysi hefur og hafa þær niðurstöður einna helst verið settar í samhengi við kynjafræðilegar kenningar um karlmennskuhugmyndir um fyrirvinnuhlutverkið. Sú orðræða hefur þó einkum hverfst um forréttindahóp hvíttra gagnkynhneigðra millistéttarkarlmanna. Því var ráðist í eiginlega rannsókn á reynslu og upplifun samkynhneigðra karla, sem ekki falla undir hefðbundnar kyngervishugmyndir – og athugað hvort og hvernig þeirra reynsla er frábrugðin upplifun gagnkynhneigðra karlmanna. Niðurstöður viðtala við fimm samkynhneigða karlmenn voru síðan kóðaðar með það í huga að greina sameiginlegan þráð í reynslu þeirra – og niðurstöðurnar metnar út frá helstu fyrirbyggjandi kenningum og rannsóknum um málefnið.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Formáli	6
Inngangur – kynning á helstu markmiðum rannsóknar	7
Þjóðfélagsræringar út frá virknihyggjukeningum	9
Atvinnuleysi á Íslandi	11
Félagsleg merking atvinnu og atvinnuleysis.....	12
Kynjun atvinnulífs.....	13
Kynjuð áhrif atvinnuleysis á sjálfsmynd og heilsu.....	16
Samkynhneigð í ljósi kyngervishugmynda.....	18
Skipting heimilisstarfa.....	22
Markmið eigindlegrar rannsóknar.....	23
Gagnasöfnun – undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla.....	25
Greining gagna.....	27
Siðferðilegir og aðferðafræðilegir þættir.....	28
Niðurstöður.....	29
Sálrænar afleiðingar.....	30
Félagslegar afleiðingar.....	35
Fjárhagslegar afleiðingar.....	39
Heilsufarslegar afleiðingar.....	40
Umræða og lokaorð.....	42
Heimildaskrá.....	44
Viðauki.....	49

Formáli

Verkefni þetta var unnið til B.A.-gráðu í félagsfræði vorið 2012 undir leiðsögn Ingólfs V. Gíslasonar, sem ég kann hinar allra bestu þakkir fyrir að hafa tekið verkefnið að sér. Þá vil ég einnig þakka þátttakendum rannsóknar minnar kærlega fyrir traustið, tímann og áhugann sem þeir gáfu mér til þess að gera þessa ritgerð að veruleika.

Síðast en ekki síst vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir veittan stuðning á meðan skrifunum stóð, jafntsem fyrir alla þá hvatningu og aðstoð sem þau hafa veitt mér frá því að ég hóf námið.

Bestu þakkir

Pedro Gunnlaugur Garcia

Inngangur – kynning á helstu markmiðum rannsóknar

Fátt ef ekkert af því sem um þessar mundir brennur á heimsbyggðinni tengist ekki á einhvern hátt þeirri efnahagslegu niðursveiflu sem riðið hefur yfir borg og bæ, allt frá New York til Sjanghæ. Miðlægt í allri kreppuumræðu hefur verið eitt helsta birtingaform áfallanna sem er einnig það sem snertir marga á mun persónulegri hátt en bankahrun og gengisfellingar. Atvinnuleysistöður hafa stórhækkað eftir hremmingar síðustu fjögurra ára, þar á meðal hér á landi. Í umræðunni um atvinnuleysi hefur verið gert skóna að því að karlmönnum sé þungbærara að glíma við uppsagnir en konum, vegna þess að þeir hafi tapað sínu eðlislæga og jafnframt félagslega áskipaða fyrirvinnuhlutverki. Konur hafi ýmis önnur hlutverk til þess að hverfa til, svo sem heimilishald og barnauppeldi, sem dragi úr hinum neikvæðu afleiðingum atvinnuleysis. Þessi viðhorf eru mótuð af hefðbundnum hugmyndum um hlutverk kynjanna, sem skýra má að stórum hluta út frá sögulegum aðskilnaði heimilislífs og hins opinbera rýmis – þar sem að eðlilegt var talið að karlar væru á vinnumarkaðinum og fyrirvinnur fjölskyldunnar, en konur í umönnunarstörfum innan heimilisins.

Þessi arfleifð feðraveldisskipan vesturlanda lifir enn í því hvernig karlar og konur skilgreina sjálf sig út frá hefðbundnum kyngervishugmyndum og móta sjálfsmynd sína og virði út frá þeim gildum sem að þeim er haldið í formi félagsmótunar. Því má ef til vill segja að körlum finnist fremur vegið að sjálfsvirði sínu þegar þeir ganga í gegnum atvinnuleysi, þar sem sjálfsmynd þeirra hvíli frekar á atvinnu sinni, starfsframa og launum. Samkvæmt hinseginfræðum og öðrum afsprengjum mótunarhyggju er kyngervi lærð hegðun og því má spyrja hvort að karlar sem ekki smíða sína karlmennsku í samræmi við hefðbundnar feðraveldishugmyndir byggi sjálfsmynd sína að jafnmiklu leyti á atvinnu sinni. Í því ljósi er áhugavert rannsóknarefni að skoða hvernig samkynhneigðir karlar í sambúð bregðast við atvinnumissi annars aðilans og athuga hvort og hvernig kyngervishugmyndir lita þeirra viðhorf til atvinnuleysis. Hér verður því leitast við að skoða hvort viðbrögð og upplifun samkynhneigðra karla af atvinnumissi séu á einhvern hátt frábrugðin því sem rannsóknir á gagnkynhneigðum körlum hafa sýnt.

Viðfangsefni félagsfræðinnar beinast oftast en ekki að spurningum sem varða tvö kjarnaviðhorf til hringekju mannlegs eðlis og samfélagsins; nauðhyggju og viljahyggju. Samkvæmt fylgjendum vísindahyggju eru félagslegar staðreyndir eins og hver önnur náttúrulögmál; samfélagið er sem lifandi vera, þar sem hver hluti samfélagsgerðarinnar sinnir mikilvægu hlutverki fyrir heildina, líkt og líffærin fyrir líkamann - og virkni einnar stofnunar hefur óumflýjanlega áhrif á virkni annarar. Að þessu leyti má virðast sem að maðurinn sé ekki

annað en viljalaus teinn í tannhjóli samfélagsins. Þessu eru fylgjendur hug- og mótunarhyggju andsnúnir; samfélagið samanstendur af þeim manneskjum sem það búa - ásamt öllum boðskiptum, túlkunum og viðbrögðum þeirra. Sköpunarkraftur einstaklinga er sýnilegur í því hvernig manneskjan endurmótar raunveruleikann, sjálf sitt og samfélagið í öllum sínum samskiptum við aðra. Oft virðist sem það sé aðeins stigs- en ekki eðlismunur á þessum ólíku vísindaheimspekistefnum; að þær séu hvor að lýsa sinni hlið á sama peningnum. Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar kallar á samtvinnun þessara tveggja nálgana. Til þess að bregða upp heildstæðri mynd af málefnum verður því gerð grein fyrir því hvernig vísindahyggjukenningar telja að hræringar á macro-stigi samfélagsins hafi áhrif á líf almennings um leið og þessum kenningum verður mætt með micro-stigs rannsókn sem skoðar upplifun og líðan einstaklinga.

Framkvæmd var eigindleg rannsókn á nokkrum samkynhneigðum körlum og voru gögnin greind með það að markmiði að finna sameiginlega þræði í reynslu þeirra. Til þess að meta þessa þætti reyndist nauðsynlegt að skipta umfjöllunarefninu í fjóra liði, sem skyldu endurspegla helstu áhrif atvinnuleysis, þ.e.a.s hvaða *sálfræðilegu, félagslegu, fjárhagslegu og heilsufarslegu* afleiðingar atvinnuleysi kann að hafa á einstaklinga. Rannsóknin mun því leitast við að skýra frá hinum ýmsu birtingamyndum þessara fjögurra vídda atvinnumissis í ljósi fyrirliggjandi rannsókna um hefðbundin viðbrögð við atvinnumissi. Niðurstöðurnar verða loks settar í samhengi við mótunarhyggjukenningar um kyngervi og kynhneigð.

Með þessi viðfangsefni að leiðarljósi var viðtalsramminn saminn og er uppsetning ásamt framkvæmd ritgerðarinnar því að mestu leyti endurspeglun á fyrrnefndri sundurliðun. Í niðurstöðukaflanum verður gerð grein fyrir helstu þemum sem komu fram í máli viðmælanda. Upplifun, túlkun og merking rannsóknarinnar fyrir rannsakanda sjálfum verða síðan rakin í umræðukafla.

Þjóðfélagshræringar út frá virknihyggjukenningum

Vísindahyggja - einnig nefnd *staðfestuhyggja* (e. positivism) - hefur lengi vel verið ráðandi vísindaheimspekistefna innan félagsvísindanna. Í anda framfara- og vísindahyggju 19. aldar vildu frumkvöðlar félagsfræðinnar komast að traustum félagslegum lögmálum, sem byggðu á empírískum grunni (Collins og Makowski, 2005). Til þess að félagsfræðin félli vel að aðferðafræði vísindahyggjunnar, varð einn helsti sporgöngumaður félagsfræðinnar, Émile Durkheim, að finna út úr því hvernig mætti setja samfélagið undir smásjá, eins og líffræðingar gerðu til að skoða virkni örvera. Líkt og með öðrum fræðigreinum varð félagsfræði að vera útbúin tólum og mælitækjum til að geta framkvæmt rannsóknir á viðunandi hátt. Mikilvæg verkfæri félagsfræðinnar yrðu að vera skýrt skilgreind hugtök, með hverjum væri unnt að greina betur eiginleika og samspil ólíkra þátta sem félagsleg rannsóknarefni samstanda af. Það sem Durkheim vildi sýna fram á var að samfélagið innibæri sinn eigin veruleika, sem ekki væri hægt að smætta niður í samansafn sálfræðieinkennum einstaklinga. Fólk fæðist inn í kerfi af reglum og gildum sem eiga eigin tilvist utan við hvern og einn einstakling innan þess; fólk fæðist og deyr - en reglur, siðir, norm og gildi viðhaldast. Þar af leiðandi gaf Durkheim sér það að félagslegir þættir ættu eigin metafýsisku tilveru og litu eigin lögmálum. Því væri unnt að skoða þá rétt eins og hvern annan hlut (Durkheim, 1897;1951).

Til þess að sýna fram á tilvist þessara félagslegu staðreynda fyrir fræðasamfélaginu kaus hann að rannsaka frávikshegðunina sjálfsvíg. Í riti sínu *Le suicide* frá árinu 1897 sýndi Durkheim fram á að hegðun, sem við fyrstu sýn virðist vera persónulegasta einka-ákvörðun sem mannvera getur nokkurn tímann tekið, er í raun undir allverulegum áhrifum frá samfélagslegum þáttum. Fyrri rannsóknir á þessu sviði höfðu lagt megináherslu á persónubundnar skýringar á borð við geðsýki og áfengissýki, en með tölfræðilegum samanburði milli þjóða, trúarhópa, fjölskylduforma o.fl. gat Durkheim aftur á móti sýnt fram á að ytri, samfélagsbundnir þættir hefðu greinileg áhrif á sveiflur í tíðni sjálfsvíga (Turner, Beeghley og Powers, 2006). Var þetta rit því öflugt vopn í höndum Durkheim til að hefja sína sýn á félagsfræði til vegs og virðingar innan fræðaheimsins. En í baráttu sinni fyrir því að félagsfræði yrði sjálfstæð fræðigrein einblíndi hann um of á áhrifamátt félagslegra staðreynda á kostnað einstaklinganna, með þeim afleiðingum að kenningar hans höfðu oft og tíðum nauðhyggjulega afstöðu. Vissulega var Durkheim barn síns tíma að því leyti að lífhyggjukenningar héldust oft hönd í hönd við pósitoívíska nálgun á félagsfræði. Það að líkja samfélagi við lifandi veru var vissulega aðeins meint sem einfalt hjálpartól við að skilja eðli og virkni samfélagsins, en á bakvið þessa líkingu býr engu að síður sjónarhorn og gildismat

formgerðar- og virknihyggju. Hver og ein stofnun samfélagsins, hvort sem það er fjölskyldan, trúarbrögð, ríkisvaldið eða atvinnulífið, gegnir vissu hlutverki í þágu heildarinnar. Ef eitt líffærið sinnir ekki hlutverki sínu veikist heildin öll. Í góðri trú um að félagsfræðirannsóknir - og kenningar gætu aðstoðað við að skilgreina hver eðlileg virkni hvarrar stofnunar væri taldi Durkheim að nota mætti þær upplýsingar til þess að geta komið auga á hvenær eitthvert líffærið hefði sýkst og jafnframt þá leiðbeiningar að því hvernig mætti lækna það. Í skrifum Durkheims komu fram hugtök og kenningar sem fylgt hafa fræðigreininni síðan – ekki síst hugtakið *anomie*, eða siðrof, sem Durkheim notaði til að lýsa því upplausnarástandi sem fylgdi örum þjóðfélagsbreytingum samtíma hans. Hinar vestrænu þjóðir höfðu færst svo hratt frá því að vera akuryrkjuþjóðfélög með lénsveldisskipulagi yfir í að vera iðnríki þar sem þéttbýlismyndun varð sífellt meiri, að í þessu félagslegu umróti tapaðist traustið og samstaðan, sem hafði verið límið í samfélaginu. Fórarkostnaður fyrir meira einstaklingsfrelsi þjóðfélagsins reyndist vera minni samstaða um reglur og markmið þess – og jafnframt var hætta á minni samþættingu einstaklingsins við samfélagið. Afleiðingin yrði aukið andfélagslegt hugarfar, sem birtist í aukinni fráviks- og áhættuhegðun í samfélaginu (Collins og Makowski, 2005).

Atvinnuleysi á Íslandi

Að sama skapi má yfirfæra virknihyggjukenningar Durkheim yfir á þær þjóðfélagsræringar sem íslenskt þjóðfélag hefur gengið í gegnum í kjölfar þeirra efnahagslegu þrenginga sem fylgdu bankahruninu á haustmánuðum ársins 2008. Ljóst er að fjölmargar stofnanir samfélagsins urðu fyrir gríðarlegu áfalli og fór atvinnulífið ekki varhluta af þeim þrengingum. Samkvæmt virknihyggjukenningum hefur slík veiking á einni stoð samfélagsins óumflýjanlega áhrif á aðra samfélagslega þætti. Íslensk fyrirtæki og stofnanir fengu storminn í fangið og sló í bakseglin í rekstri fjölmargra þeirra, með þeim afleiðingum að við blöstu fjárhagslegir örðugleikar og jafnvel gjaldþrot. Orsakir og aðdragandi heimskreppunnar voru utan áhrifasviðs velflestra þeirra sem síðar fengu að kenna á afleiðingum hennar í formi hærri skatta samhliða niðurskurði hjá opinberum stofnunum, hækkandi húsnæðislánum samhliða kaupmáttarrýrnun - en síðast en ekki síst í formi Svarta-Péturs í spilastokki kreppunnar: *atvinnuleysis*.

Bankahrunið og kreppan sem fylgdi í kjölfarið hafði meðal annars í för með sér að tala atvinnulausra, sem hafði verið undir einu prósentu ári fyrir hrun (Velferðarráðuneytið, 2007), steig upp í 4% á seinasta árfjórðungi ársins 2008 (Hagstofa Íslands, 2008). Árið 2009 töldust að meðaltali 7,2% (um 13.100 manns) vinnuafslins án atvinnu, sem var langtum hærra hlutfall heldur en áður hafði mælst í vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofu Íslands. Hæst hafði áður atvinnuleysi mælst 5,3% (um 7.700 manns) um miðjan tíunda áratuginn (Hagstofa Íslands, 2010). Árið 2011 hafði talan lækkað niður í 7,1% og skiptist þannig að atvinnuleysi mældist 7,8% hjá körlum en 6,2% hjá konum (Hagstofa Íslands, 2012). Skilgreining Vinnumarkaðsrannsókna Hagstofu Íslands á atvinnuleysi byggist á skilgreiningu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og er á þessa leið: „*Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku könnunarinnar, þ.e. höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða*“ (Hagstofa Íslands, 2012).

Félagsleg merking atvinnu og atvinnuleysis

Tilraun til þess að gera grein fyrir merkingu atvinnuleysis er óvinnandi verk ef ekki er skýrt í upphafi hvaða þýðingu *atvinna* hefur. Hinsvegar má með sanni segja að þetta hversdagslega hugtak eigi það sammerkt með öllu öðru félagslegu atferli, að merking þess er ávallt samtvinnuð gildismati og normum hvers tímabils og staðar fyrir sig. Til glöggvunar skal bent á hversu frábrugðin vinnuviðhorf Grikkja og Rómverja til forna eru því sem tíðkast í vesturlöndum samtímans. Þó svo að þessar siðmenningar hafi borið höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir fornalda hvað viðkemur hin klassísku fræði eða landvinninga, var vinnan almennt ekki talin til þýðingamestu þátta lífsins. Ósjaldan er vísað til þess að Grikkir fyrirlitu hið daglega strit og álitu það aðeins hæfa lægri lögum þjóðfélagsins, en hafa ber í huga að það sem varðveist hefur af hugmyndafræði þessa tíma er vitanlega ekki annað en viðhorf efri stéttanna. Aftur á móti má gera ráð fyrir vinna hefur haft aðra merkingu fyrir lágstéttarfólki, konum og þrælum þó vindar tímans hafi blásið yfir þeirra arfleifð hellenískrar menningar. Hvað Rómverja varðaði var gildi vinnunnar aðeins fólgið í öflun nauðþurfta og öll vinna umfram það einungis hindrun á því að njóta lífsins (Stefán Ólafsson, 1996).

Til að ákvarða þá þróun sem hefur orðið frá viðhorfum landbúnaðarmenninga fornalda til iðnvæðra landa nútímans má benda á verk Max Weber, sem tengja ólík gildi trúarbragða við þjóðfélagslegar breytingar. Samkvæmt kenningum hans þróuðu þjóðir sem aðhylltust kalvínisma með sér önnur viðhorf til vinnu en áður tíðkaðist meðal landa í Vestur-Evrópu (Ritzer og Goodman, 2004). Strangt siðferði kalvínisma boðaði veraldleg meinlæti, sem fólst meðal annars í því að auði skyldi ávaxtað, en ekki eytt í veraldlega hluti eða skemmtanir. Vinnan hafði gildi í sjálfu sér, þar sem hún var Guði til dýrðar, en iðjuleysi var synd, samanber enska málsháttinn “*idle hands do the devil's work*” – sem e.t.v. þýða má sem „iðjuleysi er rót alls ills“.

Þetta hugarfar fylgdi þessum þjóðum inn í tímabil örra þjóðfélagsbreytinga iðnbyltingarinnar og gaf hugmyndafræði kapítalismans byr undir báða vængi. Nú urðu einstaklingahyggja og veraldleg gildi það gildismat sem launafólk borganna fór eftir – og viðhorf til atvinnu færðust í það horf sem enn er ríkjandi í dag: hún göfgar manninn, gefur honum hlutverk og stöðu innan samfélagsins. Enn fremur er atvinna eina lögmæta leiðin til að afla sér og fjölskyldunni fararborða. Starfið skilgreindi manninn og varð þar af leiðandi geysilega mikilvægur hluti af sjálfsmynd einstaklingsins. Af þessu má leiða að atvinnumissir getur verið aðför að kjarnagildi nútímamannsins (Edgell, 2006).

Kynjun atvinnulífsins

Í akuryrkjubjórðfélögum fyrri tíma hafði ekki verið skýr munur gerður milli heimilislífs- og starfa og þess að vinna – og jafnvel enn síður í samfélagi hirðingja þar á undan. Með iðnvæðingunni varð allt að því fullkominn aðskilnaður milli þessara þátta lífsins, og enn fremur var þessum tveimur sviðum skipt milli kynjanna, þar sem karlinn skyldi vinna í verksmiðjunum og konan sjá um heimilishald og uppeldi barna (Edgell, 2006). Fyrirkomulagið var réttlætt á sínum tíma með þeim rökum að þetta endurspegladi ólíka eðlislæga eiginleika kynjanna. Karlar væru sjálfstæðir, rökvísir og sterkir og hentuðu því betur til hinna ýmsu starfa. Konur þótti skorta þá sömu eiginleika og voru þar of leiðandi of viðkvæmar til að takast á við hinn harða heim atvinnulífsins. Rétt eins og forverar þess var iðnaðarþjóðfélagið feðraveldissamfélag og mótun hinnar nýju atvinnumenningar fór ekki varhluta af því. Í þessu kapítalíska samfélagi valt öryggi tilverunnar fyrst og fremst á launum frá atvinnurekanda. Þetta varð til þess að konur urðu háðar húsbónda um framfærslu til að reka heimilið. Þessi skýring er að sjálfssögðu að miklu leyti einföldun á þróuninni, því að á tímum iðnvæðingarinnar voru margar konur á vinnumarkaði, þar sem að vinnukjör verkafólks voru svo slök að tekjur karlanna dugðu ekki til. Hins vegar voru þau störf sem voru í boði fyrir kvenfólk af verkamannastétt takmörkuð við starfsemi sem tengdist heimilishaldi, þó vinnustundir og aðstæður þeirra starfa hefði verið engu minna harðræði en tíðkaðist í mörgum starfsstéttum karla (Edgell, 2006).

Misskipting í tekjum milli þeirra karla- og kvennastétta sem mynduðust varð síðan til þess að valdaójafnvægi jókst enn og karlinn naut meiri félagslegs *status* og fjárhagslegs sjálfstæðis en konan. Vinna kvenna innan heimilisins var ekki metin til jafns við vinnu karla utan þess, vegna þess að afraksturinn skilaði sér ekki í auði í fjárhagslegum skilningi. Hér má þá nefna til sögunnar annan þátt sem hafði áhrif á mótun vestrænna þjóðfélaga, en var lengur að skila sér beinlínis inn í vinnumenningu heldur en iðnvæðingin og markaðshyggjan. Eftir frönsku byltinguna fóru kenningar og rit um einstaklingshyggju, mannréttindi og lýðræði að ná útbreiðslu um álfuna. Því fylgdu allskyns kröfur um réttlátari þjóðfélög, þar á meðal í kvenréttindayfirlýsingu Olympe de Gouges frá 1791 (Lauren, 2003). Þetta var upphafið að kvenfrelsisbaráttunni og fyrst um sinn voru kröfurnar tengdar kosningarétti og breytingum á eignaréttarlögum, en einnig kom fram almenn ádeila hvernig komið var fram við konur sem annars flokks borgara, sem endurspegladist til að mynda í tvöföldu siðferði í kynferðismálum. Þegar iðnvæðingin var komin vel á veg skrifaði J.S. Mill bókina *Kúgun kvenna* í samstarfi við konu sína Harriet Taylor Mill. Þar kom fram sú skoðun að lagalegt misrétti milli kynja væri

rangt í eðli sínu og ein helsta hindrun á framförum mannkyns á þessum tíma (Mill, 1869/2003).

Þegar farið er yfir þá þætti í sögunni sem telja má að hafi haft áhrif á mótun atvinnumenningar vestrænna ríkja blasir við að margt af þessu átti aldrei eða aðeins að mjög litlu leyti við um íslenskt samfélag. Iðnvæðingin var hér á landi nánast eingöngu bundin við sjávarútveginn (Stefán Ólafsson, 1996). Engu að síður er nauðsynlegt að rekja þessa sögu, þar sem áhrifa svo stórra þjóðfélagsbreytinga mátti gæta hér eins og annars staðar, þótt síðar væri. Þar sem áhrif Bandaríkjamanna áttu eftir að vera allmikil á íslenskt þjóðlíf, er ekki úr vegi að fara yfir þær breytingar sem urðu þar á vinnumarkaði í kjölfar seinni heimsstyrjaldar. Þar sem flestir vinnufærir karlmenn höfðu verið sendir úr landi til að berjast í seinni heimsstyrjöld, voru konur fengnar inn á vinnumarkaðinn til að sinna störfum í karlastéttum, svo framleiðslustig þjóðarinnar gæti haldist óbreytt. Milli 1940 og 1945 jókst hlutfall kvenna á vinnumarkaði um helming í Bandaríkjunum (Coontz, 1992). Það sem munaði um mest til að svo hátt hlutfall fengist var tilkoma ríkisrekinnar dagvistunar barna, þar sem börnin fengju að blómstra á meðan móðirin sinnti skyldu sinni við föðurlandið. Þegar stríði lauk voru konur hinsvegar hvattar til að snúa aftur inn á heimilin til að gera pláss fyrir karlana sem komu aftur heim úr stríðinu. Tíðarandinn breyttist og viðhorf til vinnu kvenna fór frá því að vera merki um skyldurækni yfir í það að vera merki um sjálfselsku og óábyrga hegðun. Birtingamynd þessa ótta við breytt samfélagsmunstur mátti finna í dægurefni eftirstríðsáranna, bæði í ímynd hættulegra kvenmanna, *femme fatale*, í noir-kvikmyndum (Snyder, 2001) og í þeim fjölda sjónvarpsþátta um heilbrigðar kjarnafjölskyldur sem gerðu hefðbundnum kynhlutverkum hátt undir höfði. Leikskólar voru nú sagðir hræðilegir staðir fyrir börn. Virknihyggjumenn félagsfræðanna, með Talcott Parsons í fararbroddi, boðuðu að kjarnafjölskyldan væri sú eining sem hentaði þjóðfélaginu best (Giddens, 2009). Útivistandi faðir og heimavinnandi móðir uppfylltu þau hlutverk sem þjóðfélagið krafðist af fjölskyldum á skilvirkastan hátt, enda byggð á eðlislægum eiginleikum kynjanna. Feminísk gagnrýni á þessa skilgreiningu virknihyggjumanna sýnir glögglega hve karllægt félagsfræðasamfélagið var í réttlætingu sinni á þessu fyrirkomulagi. Virkni þessa fjölskylduforms tryggir að karllæg yferráð í þjóðfélaginu færast yfir til næstu kynslóða með áframhaldandi kúgun kvenna (Leira, 1992). Marxísk viðhorf myndi benda á að þess háttar viðhorf væru viðbrögð ráðandi afla í þjóðfélaginu til að sporna við atlögu að ójafnvægi sem þeir hagnast af. Áhugavert er að líta í því ljósi á þá staðreynd að einn helsti fylgifiskur yfirtöku kvenna á vissum starfsstéttum var sá að launin lækkuðu umtalsvert fyrir umrædd störf. Til að mynda höfðu karlar ekki verið óalgengir í ritarastörfum fyrir fyrri heimsstyrjöld, en eftir að konur urðu í meirihluta stéttarinnar misstu

þau virðuleika sinn og launin lækkuðu. Ein helsta lexía atvinnurekenda í Bandaríkjunum af seinni heimsstyrjöld var semsagt sú að konur gætu tekið þátt í atvinnulífínu til jafns við karla, nema að það var leyfilegt að borga þeim minna fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá OECD hefur meðalvinnutími minnkað yfir síðustu áratugi í flestum ríkjum OECD. Víða er 40 klukkustunda vinnuvika algeng, en hlutfall þeirra sem vinna fullt starf hefur minnkað og á móti hefur ásókn í hlutastörf aukist. Af þeim sem eru í hlutastörfum eru 2/3 þeirra konur (OECD, 2006). Meðalvinnutími á Íslandi hefur farið minnkandi frá árinu 1995 til 2005, en þó vörðu Íslendingar meiri stundum yfir árið í vinnu en hinar Norðurlandþjóðirnar. Lægstur var meðalvinnutími í Noregi. Í góðærinu fór fram hjá flestum, eða það lá í þagnargildi, að þótt að Íslendingar stærðu sig af hagvexti og vinnudugnaði þá áttu norðmenn hærri verga þjóðarframleiðslu en Íslendingar, án þess að skila inn fleiri stundum í starfi, en það er þekkt staðreynd að því lengur sem er unnið því minni afköst eru á hverja klukkustund. 81,6 % kvenna töldust vera á atvinnumarkaði í góðærinu í könnun OECD frá 2006, sem er hæsta hlutfall sem mældist á meðal OECD-ríkja í könnuninni. Fæðingartíðni hefur verið að dragast saman innan OECD-ríkja, sem skýrist að hluta af því að foreldrum þykir erfitt að samþætta vinnu og fjölskyldulíf. Ísland er sérstakt að því leytir að þrátt fyrir hátt hlutfall íslenskra kvenna á atvinnumarkaði er frjósemi þeirra einnig mikil samanborin við lönd OECD. Má vera að það sem geri gæfumuninn er niðurgreiðsla ríkisins til dagvistunar en útgjöld íslenska ríkisins til dagvistunar barna var hlutfallslega mest á meðal landa OECD árið 2003, eða um 1,8% heildarútgjalda ríkisins á móti 0,7% meðaltalsins (OECD, 2007).

Þrátt fyrir hátt atvinnuhlutfall kvenna raðast kynin enn nokkuð í ólíkar starfsstéttir, þótt meira sé um kynblandaða vinnustaði en áður. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að áhrif kynbundinna væntinga spila hér stóran þátt í þessu ójafnvægi. Könnun frá 1998 leiddi í ljós að konur voru ólíklegri til að vera í krefjandi störfum, þar sem þekking þeirra kæmi að notum (Lilja Mósesdóttir, 2004). Enn fremur voru þær líklegri til að vera óánægðar í starfi og að skipta um starf. Nýlegri kannanir hafa aftur á móti sýnt að jafnhátt hlutfall karla og kvenna sækist eftir launa- og stöðuhækkun, óháð barneignum (Valdís Ösp Árnadóttir, 2007).

Kynjuð áhrif atvinnuleysis á sjálfsmynd og heilsu

Rannsóknir hafa gefið til kynna að atvinnuleysi virðist almennt leika karlmenn verr en konur og hefur þessi kynjamunur verið greinanlegur allt frá fyrstu athugunum - og sem dæmi má nefna brautryðjendarannsókn Jahoda frá fjórða áratug síðustu aldar á atvinnuleysi í Austurríki (Edgell, 2006). Karlmenn virtust eiga mun erfiðara með að glíma við atvinnuleysi, sem birtist m.a. í því að tíminn virtist missa merkingu fyrir þeim, sjálfmynd þeirra veiktist og þeim var hættara við félagslegri einangrun. Skýringa á þessum kynjamun er helst leitað í arfleifð viðhorfa samfélagsins til ólíkra hlutverka kynjanna; karlinn skal vera úti á vinnumarkaði að skaffa – en konan á að sinna umönnun fjölskyldunnar og sjá um heimilisstörfin (Newman og Grauerholz, 2002).

Í nútímanum treysta fjölmörg heimili á tvær fyrirvinnur og tímabundið atvinnuleysi annars aðilans þarf ekki að vera það áfall sem það áður var. Þrátt fyrir það taka karlmenn að jafnaði atvinnumissi mun frekar inn á sig en konur og hér skulu nefndar þrjár skýringar á þessum mun. Í fyrsta lagi hafa karlmenn misst fyrirvinnuhlutverk sitt; getuleysi við að afla tekna til að framfleyta fjölskyldunni gæti verið túlkað sem hnekkir á karlmennskuímynd þeirra. Samkvæmt kynjafræðkenningum má nefna fyrirvinnuhlutverkið og fjárstyrkinn sem einn af hornsteinum yfirvalds karlmannsins á heimilinu; það er hans leið til að viðhalda valdastrúktur feðraveldisins - og án þess á yfirvald hans sem faðir og húsbóndi undir högg að sækja. Þetta kom meðal annars fram í skrifum eins af fyrstu félagsfræðingunum sem skoðuðu atvinnulífið út frá gagnrýnu femínísku sjónarhorni, rússanum Mirra Komarkovksy, sem komst að fyrrnefndri niðurstöðu eftir að hafa tekið viðtöl við karla sem misst höfðu atvinnu sína. Körlunum fannst sem að eiginkonurnar og börnin bæru bæði minni virðingu og hlýhug til þeirra en áður (Komarovsky, 1940; 2004).

Í öðru lagi eru karlmenn enn að jafnaði með hærri laun en konur og því fylgir atvinnumissi karls oft stærra fjárhagslegt áfall og meðfylgjandi andlegt álag, en ef konan hefði misst starfið. Meiri fjárhagsleg ábyrgð karla skilar sér því í verri andlegum viðbrögðum þeirra (Artazcoz og fleiri, 2004). Í þriðja og síðasta lagi má nefna að missi konur störf eigi þær yfirleitt auðveldara með að ganga inn í önnur hlutverk sem auðvelda atvinnumissinn. Fáir mótmæla því að umönnun fjölskyldunnar og húsverkanna sé meira en fullt starf. Að auki er algengara og viðurkenndara að konur taki að sér vinnu í hlutastarfi. Þessar alhæfingar um kynjamun eru að sjálfsögðu ekki algildur sannleikur og nýlegri rannsóknir hafa sýnt fram á að kynjamunur á upplifun á atvinnuleysi er ekki endilega eins mikill og áður var talið. Sem dæmi má nefna rannsóknir Cragg og Dawson (Fineman, 1987) á áhrif atvinnuleysis í Bretlandi á

níunda áratugnum, en samkvæmt þeim virtist atvinnumissir hafa álíka neikvæð fjárhagsleg og félagsleg áhrif á kynin. Þetta kemur einnig fram í skrifum Coyle (1984), sem bendir þó á að þessi neikvæðu áhrif birtist þó á ólíka vegu hjá kynjunum. Á meðan karlmenn eigi frekar á hættu að upplifa hnekki á kyngervi þeirra, finnst konum sem auknar skyldur á heimilinu í kjölfar atvinnumissis dragi úr sjálfstæði þeirra (Edgell, 2006). Körlum virðist þó erfiðara að viðhalda félagslegu tengslaneti sínu í atvinnuleysi og eru líklegri til að einangra sig og leita síður eftir aðstoð en konur, t.d. með því að falast eftir þeim úrræðum sem í boði eru hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar (Félags- og tryggingarmálaráðuneytið, 2009).

Lýðheilsurannsóknir byggja á empírískum rannsóknum sem sýna með meginlegri aðferðafræði hvernig breytingar í þjóðfélaginu hafa áhrif á almenna heilsu fólks. Ekki síst hafa áhrif niðursveifla í efnahagslífi og meðfylgjandi atvinnuleysis á tíðni hjartaáfalla, heilablóðfalla, nýrnabilunar, ungbarnadauða og sjálfsvíga verið kortlögð (Cockerham, 2004). Miðlunarbreytur á milli atvinnuleysis og sjúkdóms geta meðal annars verið aukið álag og stress við að ná endum saman, sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu fólks - sérstaklega ef atvinnuleysinu fylgir verri aðgangur að heilbrigðisþjónustu (Brenner og Mooney, 1983). Sjálfsmynd langtímaatvinnulausra verður veikari og sinnuleysi fyrir sjálfum sér og umhverfinu getur framkallað aukna áhættuhegðun á borð við ofdrykkju og neyslu vímefna. Rannsóknir hafa ítrekað bent til þess að körlum sé hættara við öllum þessum þáttum í kjölfar atvinnuleysis (Björklund og Eriksson, 1998).

Loks er vert að geta þess að innan sálfræðinnar og heilsufélagsfræðinnar er notast við hugtökin *ytri* og *innri stjórnrot*, sem lýsir því hvort fólk upplifir sig valdalaust og máttlítið gegn örlögum sínum eða hvort það upplifi sig sem virkan geranda - sem getur haft á áhrif á framvindu mála í kjölfar áfalls. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir sem alla jafna hafa hið síðarnefnda viðmót, innri stjórnrot, bregðast á jákvæðari og virkari hátt gegn mótlæti og gera allt sem þau geta til að koma hlutum í betra horf á ný. Þannig getur persónuleg afstaða og lífsviðhorf hverrar manneskju mótað að nokkru leiti hversu vel hún er í stakk búin undir áföll (Cockerham, 2004).

Samkynhneigð í ljósi kyngervishugmynda

Ekki er mikið meira en ein öld síðan orðið *homosexuality*, eða samkynhneigð, var fyrst notað. Síðan þá hafa mismunandi hópar skipst á skilgreina hana sem synd, afbrot, geðrænan kvilla, lífsstíl eða meðfæddan eiginleika. Tvær ólíkar stefnur innan félagsvísindanna hafa einkum verið notaðar til að fjalla um frávíkshægðun – *staðfestuhyggja* annars vegar og *mótunarhyggja* hins vegar. Hið fyrrnefnda reynir að gera grein fyrir því á vísindalegan hátt hvað veldur frávíkshægðun, á meðan hið síðarnefnda beinir sjónum að því hvers vegna ákveðin hegðun er skilgreind sem frávik. Samkynhneigð er í dag að miklu leyti sloppin undan sjúkdómsskilgreiningum, en ekki í sama mæli laus undan almennum fordómum samfélagsins.

Það er ljóst að pósitívísk nálgun var ríkjandi í umræðu um samkynhneigð allt frá byrjun, en í stað þeirrar hlutlægni sem átti að vera óaðskiljanlegur hluti vísindahyggjunnar, endurspegluðu fræðin ekki aðeins fordóma samfélagsins heldur áttu þau beinlínis sinn þátt í að réttlæta þá. Þessi neikvæðu viðhorf sem samkynhneigðir mættu urðu til þess að margir fóru huldu höfði með kynhneigð sína og létu jafnvel til leiðast að giftast manneskju af hinu kyninu, þrátt fyrir að vita vel að þau lifðu í lygi. Þeir sem ekki létu segjast gátu átt von á barsmíðum, niðurlægingu og útskúfun. Þess vegna olli skýrsla Alfred Kinsey um kynhegðun Bandaríkjamanna miklum titringi á meðal almennings (Thio, 2006). Þrátt fyrir að beita pósitívískri nálgun í rannsóknum sínum hafnaði hann fyrri hugmyndum um flokkun fólks sem annaðhvort algerlega gagnkynhneigt eða samkynhneigt. Kinsey taldi að fólk gæti verið staðsett hvar sem er milli þessara tveggja póla, til að mynda gæti einstaklingur verið að mestu leyti gagnkynhneigður en að einhverju leyti samkynhneigður líka, eða öfugt. Niðurstöður hans bentu til að allt að 10% Bandaríkjamanna væru að miklum hluta samkynhneigt, en seinni rannsóknir hafa ekki stutt þessar niðurstöður og könnun hans hefur því verið gagnrýnd fyrir að úrtakið hafi ekki endurspeglað þjóðina almennilega. Nýlegri og vandaðri kannanir í Bandaríkjunum benda til þess að hlutfall karla sem laðist að körlum sé 6% og hlutfall kvenna sem laðast að konum 4% (Thio, 2006). Talsverður munur er á því hversu margir hafa stundað kynferðislegt athæfi með einstaklingi af sama kyni og hversu margir segjast hafa samkynhneigða sjálfsmynd (e. gay identity).

Þann fyrirvara verður að hafa á þessum tölum að vera má að hlutföll samkynhneigðra séu hærri en niðurstöður gefa til kynna, því fordómar og skömm gætu enn komið í veg fyrir að fólk játi samkynhneigð fyrir sjálfu sér og öðrum. Pósitívísk túlkun á þessum tölum gæti hvatt fólk til að yfirfæra þessar niðurstöður yfir á önnur þjóðfélög, þar á meðal Ísland – en rök

í anda mótunarhyggju (e. *constructionism*) hníga gegn því að slíkar upplýsingar megi heimfæra á aðra. Þegar skoða á þróun á skilgreiningum og viðhorfum fræðimanna og samfélagsins gagnvart samkynhneigðum eftir að skýrsla Kinsey kom út, er nokkuð ljóst að póstívísk nálgun getur ekki á viðunandi hátt skýrt þær miklu hræringar sem framundan voru í málefnum samkynhneigðra. Árangur réttindabaráttu homma, lesbía, tvíkynhneigðra og transgender fólks á seinni hluta 20. aldar gerir það að verkum að sagan krefst þess að vera skoðuð út frá sjónarhorni mótunarhyggjunnar. Sú nálgun skoðar hvernig frávík eru félagslega ákvörðuð og beinir kastljósinu fremur að þeim sem skilgreina vissa hegðun sem frávík, heldur en frávikið sjálft – og dregur út frá því ályktanir um valdastrúktúr í samfélaginu.

Átakakenningar (e. *conflict theories*) er sá undirhópur mótunarhyggjunnar sem er hvað mest á öndverðum meiddi við stefnur tengdar staðfestuhyggjunni. Þær hafa verið notaðar til að benda á hvernig valdameiri hópar í samfélaginu græða á því að halda öðrum hópum viljandi niðri í samfélaginu, eða ómeðvitað með því að halda skipulagi þjóðfélagsins sér í hag, til dæmis með skilgreiningarvaldinu. Samkvæmt Conrad og Schneider (1985) hefur ólíkur aðgangur hópa innan samfélags að valdi áhrif á hvaða skilgreining verður ofan á. Marx taldi að efri stéttirnar arðrænda öreigana á tímabili iðnvæðingarinnar og í dag telja feministar að feðraveldið hindri jafnrétti á meðal kynjanna, bæði á heimilunum og í atvinnulífinu. Á sama hátt hafa talsmenn homma, lesbía, tvíkynhneigðra og transgenderfólks fært rök fyrir því að gagnkynhneigðarremba hindri þau í að fá sömu réttindi og aðrir. Jafnvel í mestu lýðræðisríkjum Vesturlanda heyrir til undantekninga að þau hafi öll lagaleg réttindi á við gagnkynhneigða. Að þeirra mati eru fordómar gegn hommum sérstaklega sterkir meðal karlmanna vegna þess að samfélögin eru feðraveldissamfélög – og í slíku umhverfi vilji karlar því ekki láta annan karl líta á sig sem konu. Þetta kann að eiga nokkurn þátt í því að lesbíur hafa ekki mætt jafnmiklu mótlæti og hommar (Conrad og Schneider, 1985).

Félagsvísindin áttu sinn þátt í að viðhalda karllægu kerfinu, með því að halda því fram að kjarnafjölskyldan væri eina rétta módelið og samkynhneigð væri brestur á rétttri virkni einstaklings (e. *dysfunctional*), líkt og um væri að ræða brotin tein í tannhjóli. Viðhorf og viðfangsefni fræðanna lituðust óumdeilanlega af ráðandi hópum samfélagsins og áhrifa þessarar umræðu gættir enn í dag þegar talað er um að aukin réttindi samkynhneigðra muni ganga endanlega frá fjölskyldunni, hornsteini samfélagsins. Verulegt bakslag kom á réttindabaráttuna með útbreiðslu AIDS í byrjun 9. áratugarins. Þar sem samkynhneigðir karlar voru til að byrja með meirihluti fórnarlamba AIDS færðist umræðan aftur í átt að sjúkdómsvæðingunni. Þeir vísindamenn og læknar sem fyrst fóru að veita AIDS athygli tengdu það við samkynhneigðan lífsstíl, sérstaklega endaparmsmök og lauslæti, og kynntu

AIDS fyrst um sinn sem samkynhneigðan sjúkdóm (Conrad, 2007). Munurinn á því hvernig sjúkdómsvæðingin birtist núna miðað við áður, var að nú beindist hún ekki að eðlislægum eiginleikum hópsins, heldur að ákveðinni hegðun innan hans. Engu að síður töldu margir í upphafi að AIDS væri afleiðing samkynhneigðarinnar sjálfrar og átti það þátt í að auka fordóma enn á ný. Margir í samfélaginu sem voru hómófóbískir fyrir fengu nú lögmæta afsökun fyrir að neita að ráða homma í störf, veita þeim tryggingar og læknishjálp o.s.fr.v. vegna mögulegrar smithættu (Conrad, 2007), jafnvel með stuðningi yfirvalda (Thio, 2006).

Ástæðuna fyrir minnkandi fordómum gegn samkynhneigð má rekja til þrotlausrar réttindabaráttu samkynhneigðra, sem fangaði fyrst athygli almennings fyrir alvöru með Stonewall mótmælunum árið 1969. Langþreytt á áhlaupum lögreglunnar á samkomustaði samkynhneigðra og barsmíðunum sem þeim fylgdu, börðust hommarnir og lesbíurnar á Stonewall barnum í Greenwich Village í fyrsta skipti á móti (Conrad, 2007). Í kjölfarið var mikil vitundarvakning á meðal homma og lesbía sem ákváðu að eina leiðin til að takast á við ójafnréttið væri að berjast gegn því á opinberum vettvangi. Afar sýnileg samtök og líflegir fjöldafundir sáu um að koma skilaboðum homma og lesbía til samfélagsins og fá fleiri til að slást í hópinn, en á bakvið tjöldin unnu þrýstihópar að því að auka lagaleg réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender einstaklinga. Mikill áfangasigur vannst í baráttunni vestanhafs fyrir að útrýma þeirri stimplun og *stigma* sem hafa fylgt samkynhneigð, þegar samtök bandarískra geðlækna, The American Psychiatric Association, fjarlægðu skilgreiningu sína á samkynhneigð sem geðrænum kvilla árið 1974 (Conrad, 2007). Þar sem að hommar og lesbíur höfðu nú aðgang að valdi í krafti samtakamáttar, fékk nú það viðhorf brautargengi að samkynhneigð væri lífsstíll, frekar en meðfæddur eiginleiki. Hún væri félagslega sköpuð og kynhneigð væri miklu meira fljótandi eiginleiki heldur en gagnkynhneigðarremba samfélagsins vildi leyfa.

Í dag er sérstaklega tekið fram í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að óheimilt sé að mismuna fólki eftir þjóðerni, litarhafti, kynþætti eða *stöðu einstaklings að öðru leyti* – og þó svo að ekki sé með beinum orðum vísað til kynhneigðar hefur komið fram í dómsmálum, m.a. í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness 19. Maí 2003, að réttindi samkynhneigðra séu varin af jafnræðisreglunni og Mannréttindasáttmála Evrópu (Linda Fanney Valgeirsdóttir, 2010). Nú er staðan jafnframt þannig að hjúskaparréttur samkynhneigðra er sá sami og gagnkynhneigðra, auk þess sem samkynhneigðum pörum stendur enn til boða að vera í staðfestri samvist. Í heimilishaldi samkynhneigðra karla geta báðir aðilar verið fyrirvinnur (e. *dual-earner household*), eða aðeins annar þeirra. Rétt eins og í öllum samböndum byggir skipting heimilisstarfa á samkomulagi beggja aðila, sem getur meðal annars byggt á starfshlutfalli

þeirra. Í umræðu um atvinnumissi karla og kvenna er yfirleitt nefnt að missi konur störf eigi þær yfirleitt auðveldara með að ganga inn í önnur hlutverk sem auðvelda atvinnumissinn. Karlar glími frekar við sjálfsmyndarkrísu, þar sem þeim finnst þeir hafa misst eðlislægt hlutverk sitt sem fyrirvinna.

Samkvæmt Levant (1997) er hefðbundin karlmennska í krísu í samtímanum, þar sem að forréttindahópur hvíttra, gagnkynhneigðra millistéttarkarlmanna hefur glatað hlutverki sínu sem fjölskyldufeður og fyrirvinnur. Þeir séu því margir hverjir staddir í sjálfsmyndarkrísu, þar sem þeir hafa tregðast við að ganga í nýtt uppeldis- og umönnunarhlutverk á heimilinu vegna skráðra og óskráðra reglna um hvernig karlmenn eigi að vera og hvaða sjálfgefnu forréttindi þeir eigi að ganga að sem vísum. Þess vegna er áhugavert að athuga nú sérstaklega reynslu íslenskra samkynhneigðra karla í sambúð á atvinnuleysi, í ljósi þess að ef til vill tengist upplifun þeirra ekki hefðbundnum kyngervishugmyndum að sama skapi og gagnkynhneigðum körlum.

Skipting heimilisstarfa

Silverstein (1996) hefur bent á þá tilhneigingu gagnkynhneigðra para að í upphafi sambúðar sé gengið út frá jafnréttisforsendum í hvívetna, en seinna meir og einkum eftir barnsburð eða þegar álag eykst á vinnustað karlsins sé pressa á foreldrum til að láta undan og hverfa aftur til hefðbundinna kynjalutverka. Í greiningu á stöðu orðræðunnar um heimilishald samkynhneigðra hefur Sarah Oerton (1997) bent alvarlegan skort á rannsóknum á málefnum, þrátt fyrir langa hefð vinnufélagsfræðinnar fyrir skilgreiningum á heimilisstörfum sem „vinnu“ og síaukinn áhuga fræðasamfélagsins fyrir málefnum samkynhneigðra. Að mati Oerton hefur umfjöllunin einna helst einkennst af gagnkynhneigðarrembu, þar sem samkynhneigt heimilishald er kynnt sem frávik við kjarnafjölskylduna og jafnvel gefið til kynna að slík sambönd séu veikari en sambönd gagnkynhneigðra, þar sem þau hvíli ekki á hinum sterku stöðum hefðanna. Slík orðræða viðheldur jaðarstöðu samkynhneigðra og þar af leiðandi því stigma sem fylgir því að vera skilgreindur sem úthópur í samfélaginu. Aftur á móti bendir Oerton á ótvíræð merki um áhrif kynjunar heimilisstarfanna á meðal samkynhneigðra para, sem lýsir sér til dæmis í því að aðilarnir skilgreini skiptingu heimilisstarfa út frá því hversu mikið aðilarnir samsama sig hefðbundnum kyngervishugmyndum. Þessi kynjaða misskipting kemur sumsé einnig fram í skiptingu heimilisstarfa samkynhneigðra - bæði í samböndum homma og lesbía. Sem dæmi má nefna ummæli konu í eigindlegri rannsókn á skiptingu húsverka lesbískra para - „ég er sóðinn á heimilinu“ sem gefur til kynna að hússtörfín séu einum aðila eðlislæg en öðrum ekki, sem á rætur í tvíhyggju eðlishyggjunnar. Með því að afneita ábyrgð með þessum rökum er konan ómeðvitað að vísa í hefðbundinn rétt annars aðilans (karlsins) til að koma sér undan heimilisstörfunum (Moe, 2003).

Samkvæmt bandarískum rannsóknum á skiptingu húsverka hefur ítrekað komið í ljós að meira jafnræði er á meðal samkynhneigðra en gagnkynhneigðra (Kurdek, 2007; Solomon et al, 2005). Að auki er líklegt að í langtímasamböndnum verði viss störf frekar að ábyrgð annars aðilans og önnur á ábyrgð hins. Færni í viðkomandi verkefnum er mikilvæg þegar kemur að því hvernig slík skipting verður til - en ekki síst er það persónulegur áhugi og ánægja af verkunum sem skiptir höfuðmáli, sérstaklega ef báðir aðilar búa yfir svipaðri færni á því sviði (McWhirter og Mattison, 1984; Carrington, 2002).

Markmið eigindlegrar rannsóknar

Markmiðið með hinni eigindlegu rannsóknarhefð er að reyna að skilja hversdagslega atburði í lífi fólks. Þetta krefst oftast en ekki þess að sjá þá í öðru ljósi en venjan er og til þess þarf að beita því sem C. W. Mills (1959) nefndi félagslegt innsæi (*the social imagination*). Rannsakendur sem aðhyllast eigindlega nálgun reyna að kortleggja mannlega hegðun til þess að finna ákveðin mynstur sem gætu varpað ljósi á þær undirliggjandi reglur og venjur sem móta samfélagið. Lögð er áhersla á huglæga þáttinn í tilveru og skynjun okkar og leitast við að gera grein fyrir hegðun fólks í samhengi við þann skilning sem það leggur sjálft í athöfnina. Jafnframt þessu þá leitast rannsakandi við að setja einstaklinginn í stærra samhengi innan félagslega heimsins.

Þetta krefst þess að rannsakandi geti sett sig í spor viðmælanda og átti sig á hans veraldarsýn; aðferð sem hughyggjumaðurinn Max Weber nefndi *verstehen* (Turner, Beeghley og Powers, 2006). Þessi nálgun byggir á vísindaheimspeki sem er talsvert frábrugðin vísindahyggju og kallar jafnframt á aðra aðferðafræði og rannsóknarsnið. Til þess að hvort tveggja takist vel þurfa rannsakendur að gera sér grein fyrir sinni eigin huglægu veru og átta sig á eigin sjónarhorni og hvaða fyrirfram hugmyndir gætu verið að stýra þeim við úrvinnslu rannsóknar. Með því að hugleiða eigin fordóma og hagsmuni hafa þeir færi á að nálgast umfjöllunarefnið af meira hlutleysi en ella. Mestu máli skiptir að túlkun rannsakanda sé í samræmi við upplifun viðfangsefna sinna, þannig að þegar þau sem skrifað er um lesi yfir rannsóknina geti þau „fundið sjálf sig“ í textanum, þ.e. að þau kannist við eigin tilveru í umfjölluninni.

Hughyggjuafstaða fylgismanna eigindlegra rannsókna hverfist um vantrú á einn algildan sannleika og mótast aðferðafræði þeirra óumflýjanlega af þessari hugmyndafræði. Eigindlega hefðin afneitar hugmyndinni um vísindalegt hlutleysi í félagsvísindum þar sem félagsleg vísindi eru mannanna verk. Eigindlega kenningahefðin byggist því á *aðleiðslu* sem er meira leitandi en afleiðsluhefð meginlegu hefðarinnar. Safnað er ógrynni lýsandi gagna m.a. í formi djúpvíðtala, þátttökuathugana og myndbandsupptaka, sem yfir tíma færa mynd á umfjöllunarefnið og móta loks kenninguna. Rannsakandinn sjálfur er helsta mælitækið; hann eða hún mætir á svæðið með það að leiðarljósi að takmarka sem mest fyrirframgefnar hugmyndir og leyfa fólki, stöðum og atburðum að tala til sín. Í djúpvíðtölum veita opnar spurningar viðmælanda færi á að opna sig og tjá sig eins og hann lystir án þess að spurningar rannsakanda móti um of svarmöguleika hans. Traust milli rannsakanda og viðmælanda er fyrir öllu - og rannsakandi reynir enn fremur að takmarka spyrllaáhrif sem best hann getur

(Esterberg, 2002).

Rétt eins og með mikilvægi góðs undirbúnings er fyrir öllu að taka niður athugasemdir rannsakanda (skammstafað A.R.) á meðan rannsókn eða viðtali stendur til að festa niður upplifun hans af t.a.m. andrúmslofti staðarins, viðmóti fólks, líkamstjáningu og fleiru sem kann að hafa merkingu fyrir rannsóknina. Enn fremur geta nýjar hugmyndir skotið upp kollinum sem mega ekki gleymast. Síðust en ekki síst er úrvinnslan, sem felst fyrst og fremst í vandlegri greiningu á gnægð hrárra gagna í margvíslegu formi, sem eru kóðuð svo greina megi undirliggjandi þemu í textanum. Fyrst er farið yfir texta og gögn með *opinni kóðun* og spurt – *hvað býr hér að baki, hvaða hlutir koma ítrekað fyrir og hvaða merkingu hafa þeir?* Þá tekur við *markviss kóðun*, þar sem farið er yfir gögnin á ný til að gera betri grein fyrir þeim mynstrum sem komið hafa í ljós. Út frá þemunum þróast tilgátur um einkenni, virkni og félagslegt eðli viðfangsefnisins. Niðurstöðurnar eru loks mátaðar við fyrirliggjandi hugmyndir og kenningar um viðfangsefnið – eða ný kenning smíðuð.

Í þessari rannsókn var reynt að fylgja hugmynda- og aðferðafræði eigindlegu hefðarinnar og nánar tiltekið þá var notast við hálfstaðlað opið viðtal. Stuðst var við fyrirfram ákvarðaðan viðtalsramma sem saminn var út frá fyrrgreindum hugleiðingum um félagslegar, sálfræðilegar, fjárhagslegar og heilsufarslegar afleiðingar atvinnumissis. Markmiðið var að fylgja viðtalsramma að mestu leyti, en spyrja einnig út í það sem óvænt kæmi upp og breikkað gæti svið rannsóknar og skilning á málefnum. Einnig var lagt upp með það að gefa viðmælendum færi á að stýra viðtalinu að vissu marki og gefa þeim tækifæri á að koma því á framfæri sem þeir vildu. Rannsakandi leitaðist við að að nýta þagnir til að leyfa viðmælendum að hugsa sig um, um leið og hvetjandi líkamstjáning og smáorð voru notuð til að láta viðmælendur vita að hlustað væri á þá - og þannig hvetja þá til að tjá sig óhikað.

Gagnasöfnun – undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla

Gagnasöfnun í formi viðtala fór fram í mars og apríl ársins 2012. Viðtölin fóru fram inni á heimilum viðmælenda eða í Viðtalsstofu C í byggingunni Nýja Garði við Háskóla Íslands. Tilkynnt var um verkefnið til Persónuverndar. Notast var við upptökuforrit Windows Media Player á Dell fartölvu rannsakanda, auk þess teknar voru niður handskrifaðar vettvangsnótur. Úrtakið var valið með þeirri aðferð sem nefnist *snjóboltaúrtak* (Neuman, 2005), þar sem einn viðmælandi bendir á þann næsta. Fyrsti viðmælandi rannsóknarinnar var fundinn í gegnum persónuleg tengsl rannsakanda, en sá gat bent á aðra sem hann þóttist vita að myndu henta fyrir rannsóknina. Valdir voru fimm viðmælendur sem allir voru samkynhneigðir karlar sem höfðu verið atvinnulausir eða voru enn. Mennirnir voru á þrítugs og fertugsaldri, barnslausir - og allir þeirra höfðu verið í sambúð með öðrum karlmanni á meðan atvinnuleysinu stóð og flokka mætti sambönd þeirra sem langtímasambönd. Þrír þeirra voru háskólamenntaðir og tveir með stúdentspróf – en störf þeirra voru við opinberar stofnanir, hugbúnaðarfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og banka. Starfgreinar þeirra voru einsleitir að því leiti að enginn rak eigin fyrirtæki og störfin sem þeir höfðu misst voru innivinnur og mætti kalla skrifstofustörf. Þeir höfðu unnið allt milli þrjú til fimm ár á sínum vinnustað. Atvinnuleysi þeirra hafði varið frá þremur til sex mánuði og af viðmælendum var aðeins einn þeirra enn atvinnulaus þegar viðtalið var tekið.

Heitið var fullum trúnaði við úrvinnslu gagna og því koma viðmælendur ekki fram undir nafni í skýrslunni og ekki verður rakin forsaga hvers og eins, þar sem gera má ráð fyrir að tiltölulega auðvelt væri að bera kennsl á hver viðkomandi væri út frá slíkri lýsingu. Heiti maka og vinnustaða viðmælenda mun einnig vera haldið leyndu. Viðmælendum var gerð grein fyrir því fyrirfram að búast mætti við að viðtalið gæti tæki um 40-45 mínútur og að það yrði tekið upp með þeirra leyfi – og enn fremur að ef þeim dytti eitthvað í hug síðar sem þeir vildu bæta við gætu þeir haft samband við rannsakanda í tölvupósti eða í síma. Til frekari samskipta kom þó ekki, nema til að svara þökkum rannsakanda í tölvupósti.

Viðtölin voru *hálfstöðluð opin viðtöl* (Esterberg, 2002), sem hófust á nokkrum almennum bakgrunnsspurningum áður en snúið var að spurningum sem tengdust upplifun viðmælandanna af rannsóknarefninu sjálfu. Spurningarnar voru samdar með það í huga að endurspeгла sem flesta þætti atvinnumissis, þ.e.a.s. sálrænar, félagslegar, fjárhagslegar og heilsufarslegar afleiðingar þess. Hugleitt var hvernig þessu þemu gætu birst í lífi einstaklings sem misst hefur atvinnu sína og því næst voru þessi hugtök aðgerðabundin í þeim spurningum sem fóru í viðtalsrannsóknina.

Opin viðtalstækni snýst um það að reyna að beina ekki svörum viðmælanda inn á fyrirfram ákveðnar brautir, heldur leyfa honum eða henni að ráða för að einhverju leyti. Spurningar mega því ekki vera leiðandi, tvíræðar, óljósar eða tvíhleypur. Þær verða að vera skýrar og einfaldar en um leið bjóða viðmælendum að tala út frá eigin brjósti. Á móti kemur því sá hæfileiki rannsakanda að geta sleppt tókunum á viðtalsramma og spurt nánar út í það sem óvænt kemur upp á í máli viðmælandans. Rannsakandi verður að geta spilað sig bláeygðan gagnvart viðmælanda - og sjálfum sér. Sleppa verður tókunum af fyrirframgefnum hugmyndum og skjalfesta upplifun, líðan, gildismat og hugmyndir viðmælandans, á hans eigin forsendum. Þegar viðtali er lokið kemur að því að kóða gögn og þá kemur að mikilvægi gagnrýnnar hugsunar. Kenningaleg nálgun um eðli vinnumenningar var því sett til hliðar fyrir viðtölin og einsetti rannsakandi sig því í upphafi að ná hugleiðingum og líðan viðmælanda á blað með sem bestum hætti, óháð allri fyrri reynslu og þekkingu rannsakanda. Upplifun þátttakendanna er í fyrirrúmi, ekki kenningar og tilgátur fræðimanna.

Greining gagna

Eitt af helstu einkennum eigindlegrar rannsóknarhefðar er að huglægir hlutir á borð við frásögn viðmælenda af upplifunum sínum og hvernig þeir túlka atburði í lífi sínu eru skoðaðir á hlutlægan hátt. Fyrsta skrefið er þó afritun viðtalsins, sem er óneitanlega talsverð handavinna. Í þessu tilfalli tók hver afritun um það bil fjóra tíma að meðaltali, með smá hléum á milli. Því næst var textinn lesinn yfir og stafsetninga og innsláttarvillur lagaðar á meðan nýjar hugleiðingar um efnið byrjuðu að gerjast í huganum, sem nefna mætti grunngreiningu samkvæmt nálgun grundaðrar kenningar (Taylor og Bogdan, 1998). Þá tók við opin kóðun, þar sem strikað var undir viss orð og velt fyrir sér hvaða merkingabæru hugtök og þemu væri að finna, augljós eða dulin. Þeim var síðan skipt í flokka og skoðuð hver í sínu lagi í markvissri kóðun, þar textinn var aftur lesinn en nú með aðeins eitt hugtak eða þema í huga. Sum hugtakanna endurspegluðu þau hugtök sem lagt var upp með í upphafi, sem voru innblásnar af þeim kenningum sem skoðaðar voru í undirbúningi rannsóknar, en önnur komu óvænt upp á meðan viðtalinu stóð - og enn önnur eftir að hafist var að kóða textann. Þar sem rannsóknarspurningin var í allmörgum liðum var oft illmögulegt að öxulkóða öll þemun sem upp komu saman og verða þær því kynntar hver í sínum flokki í niðurstöðukaflanum.

Siðferðilegir og aðferðafræðilegir þættir

Samkvæmt Sigurði Kristinssyni (2003) eru fjórar höfuðreglur sem líta að siðareglum rannsókna. Sú fyrsta er *sjálfræðisreglan*, og mikil áhersla var lögð á hana í undirbúningi þessarar rannsóknar. Viðmælendur voru upplýstir um eðli og efni hennar og gáfu samþykki sitt, sem byggðist á trausti milli þeirra og rannsakanda um að unnið yrði úr gögnunum af heiðarleika, þagmælsku og virðingu. Í öðru lagi er *skaðleysisreglan*, en í anda hennar var þátttakendum heitið fullum trúnaði varðandi það að ekki væri hægt að rekja upplýsingar úr rannsókn aftur til þeirra. Aðeins rannsakandi og kennari myndu sjá gögnin og hljóðriti yrði eytt að rannsókn lokinni. Hins vegar ber þó að geta þess að það að tala um neikvæða lífsviðburði getur fengið fólk til að upplifa þá að einhverju leyti. Hér var því viss hætta á að sú depurð sem fylgdi atvinnumissinum gæti leitað á þátttakanda á meðan viðtali stóð og jafnvel fylgt honum heim. Rannsakandi þarf ávallt að vera meðvitaður um að rannsókn af þessu tagi getur því jafnvel vakið upp þunglyndishugsanir þátttakanda.

Í þriðja lagi nefnir Sigurður Kristinsson *velgjörðarregluna*, en samkvæmt henni skal rannsakandi vera meðvitaður um hvaða merkingu rannsóknin hafi fyrir samfélagið eða þátttakendur. Rannsóknir sem skoða atvinnumissi og atvinnuleysi hafa einkum haft það að leiðarljósi að gefa launafólki rödd hvað varðar þennan þátt vinnumenningar markaðshyggjusamfélaga. Atvinnurekendur eru einn angi auðmagnsins sem er ráðandi hópur í samfélaginu og hafa þeir óneitanlega talsverð völd umfram launþega. Þessar rannsóknir eru skoðanir á upplifun og aðstöðu launþega og atvinnulausra og því mögulega tæki til að bæta stöðu þeirra, t.a.m. í gegnum opinbera stefnumótun og kjarabaráttu.

Í fjórða og síðasta lagi er *réttlætisreglan*. Í ljósi þess að sú rannsókn sem hér er fjallað um var lítið háskólaverkefni er erfitt að meta þýðingu réttlætisreglunnar í þessu tilfalli. Það er augljóst að rannsakandi hefur talsverða hagsmuni í henni til þess að ljúka námi – en þátttakandi hefur nánast engan ávinning af henni, nema ef til vill það að líða betur að hafa fengið færi á að tjá sig um málið og fundið að einhver væri að hlusta á það sem hann væri að segja.

Að lokum ber að geta þess að þar sem viðmælendur játa ekki á sig neina stórfellda félagslega óæskilega hegðun, er ekki að vænta þess að þeir gætu borið skaða af því ef efni hennar kæmust í hendur þriðja aðila. Það er því ekki annað að vænta en að frásagnir þeirra hafi verið heiðarlegar og traust þátttakenda til rannsakanda með besta móti. Þessir fyrirvarar á *réttmæti* eru óumflýjanlegir fylgifiskar eigindlegra rannsókna.

Niðurstöður

Eins og áður sagði er rannsóknarspurningin þónokkuð margþætt og verða því niðurstöður rannsóknarinnar sundurliðaðar eftir sálrænum, félagslegum, fjárhagslegum og heilsufarslegum afleiðingum. Þar af leiðandi verður fjallað um helstu þemur sem birtust í kóðun viðtalsins í þeim undirflokki sem best á við. Þemur hafa mismikið vægi hvað varðar helstu rannsóknarefni en hafa öll nokkuð skýringargildi hvert á sinn hátt. Undirflokkarnir hafa óumflýjanlega áhrif hver á aðra í gegnum margvíslega víxlverkun (t.a.m. getur fjárhagslegur vandi í kjölfar atvinnuleysis haft skaðleg áhrif á félagsleg samskipti t.d. við maka, sem veldur síðan andlegri vanlíðan) - en hér verður leitast við að flækja málin ekki um of og halda undirflokkunum nokkurn veginn aðskildum.

Sálrænar afleiðingar

Undir flokknum *sálrænar afleiðingar* var leitast við að greina áhrif atvinnumissis á sjálfsmynd og líðan, bæði hvað varðar viðbrögð við uppsögninni sjálfri og svo upplifun einstaklingsins á því hvernig framtíðin blasti við honum strax á eftir atburðinn og svo eftir því sem á leið. Hefðbundin viðbrögð hafa til dæmis verið sjokk, reiði og depurð (Edgell, 2006) og komu öll þessi viðbrögð fram í máli allra viðmælenda, á missterkan hátt þó. Ekki síst á þetta við í samhengi við fyrstu viðbrögð og líðan fyrstu daga á eftir uppsögninni. Tilfinningar á borð við sjokk og depurð komu upp jafnvel hjá þeim sem höfðu haft grun um í hvað stefndi, eins og kemur fram í máli manns sem vann við fjármálastofnun sem hafði lent í kröggum eftir bankahrunið:

Viðmælandi 1: Jaa, svona...það hafði einum öðrum manni verið sagt upp áður - og á þessu svæði sem ég var að vinna á þá vorum við fjórir og um mánaðarmótin kom kannski inn einn í hlutastarfi og hann, sá aðili var sem sagt fyrst sleppt – svo var öðrum sagt upp og svo mér. Ég sá alveg að það var miklu minna að gera í vinnunni og það var ekki þörf á öllu þessu fólki, en ég veit það ekki - jú, það er alltaf sjokk, hugsa ég... en maður sá að þetta gat ekki haldið áfram svona mikið lengur.

Rannsakandi: En hvernig leið þér næstu stundir á eftir?

Viðmælandi 1: Ég fór náttúlega bara heim og sagði fólkinu mínu frá þessu og var bara (andvarpar – stutt þögn) ... já, var bara svona, leiður ... og þótti þetta allt miður, allt saman.

Annað sem kom fram í máli sumra viðmælenda var leiði sem fylgir aðgerða- og verkefnaleysi:

Viðmælandi 2: Mér leið kannski ekki mikið öðruvísi næstu daga – það er dálítið síðan þetta var, ég man kannski ekki alveg hvernig mér leið. Manni leiddist náttúrulega bara, það var ekkert mikið að gera – maður sat bara heima og beið eftir að tíminn liði.

Í máli þátttakenda kom oft fram augljós vilji til að viðhalda jákvæðri sýn á framtíðina, þrátt fyrir efasemdir og vonbrigði. Oftar en ekki virtist sem að tekin hefði verið vísitandi ákvörðun um að horfa björtum augum fram veginn, sem gæti endurspeglad hversu meðvitaðir

þeir voru um mikilvægi jákvæðrar hugsunar og trú á sjálfan sig. Þetta viðhorf stemmir við áhrifamátt þess að búa yfir *innri stjórnrot*, sem lýsir þeim einstaklingum sem upplifa sig sem virkan geranda sem getur haft á áhrif á framvindu mála og stýrt lífi sínu í kjölfar áfalls (Cockerham, 2004). Ýmsar vísbendingar mátti finna um mikilvægi slíkra viðhorfa í frásögum og hugleiðingum manna. Til að mynda var orðalag á borð við *ég ákvað/einsetti mér/tók meðvitaða ákvörðun um...* margnotað í máli þeirra, sem gæti verið birtingamynd innri stjórnrotar.

Viðmælandi 1: *Ég held að það hafi verið nokkurn veginn samdægurs, eða á allra næstu dögum þá var ég eiginlega búinn að gera upp hug minn um að fara í nám. Það væri næsta skrefið, mig langaði frekar að fara í nám, taka háskólamenntunarpakkann, heldur en að fara aftur á byrjunarreit á vinnumarkaðinum.*

Þessi þátttakandi hafði kosið að fara í nám fremur en að snúa aftur inn á vinnumarkaðinn, þrátt fyrir að það þýddi minna fjárhagslegt frelsi fyrir hann og maka hans. Þegar hann lýsti sjálfur yfir ánægju yfir því að hafa valið þá leið ákvað rannsakandi að spyrja að því hvort atvinnumissirinn hefði ekki verið lán í óláni; hvort hann hefði ekki litið á þetta sem tækifæri?

Viðmælandi 1: *Það er náttúrulega bara klisja að segja alltaf - að vera sagt upp sé bara tækifæri, eða mér finnst það svolítið... þetta er einhver svona Hollywood-frasi. Það er bara það sem maður hefur þegar maður missir vinnuna, þá er náttúrulega komið að því að maður þurfi að velja eitthvað. Maður tekur ákvörðun um hvað þarf að gera næst og ef maður velur eitthvað sem að maður er ánægður með seinna meir þá er kannski hægt að segja að maður hafi gripið eitthvað tækifæri. En alveg í hina röndina hefði maður getað tekið einhverja mjög slæma ákvörðun og þá væri þetta orðið að áfalli – þannig það náttúrulega fer eftir því hvað maður í raun gerir... það er ekkert sjálfgefið að þetta sé tækifæri.*

Hér mælti viðmælandi af mikilli festu og sannfæringu. Orðavalið á spurningunni fór greinilega fyrir brjóstið á honum, enda er það ef til vill satt sem hann segir. Að segja það að *missa vinnuna sé tækifæri* er í besta falli merkingalaus klisja og í versta falli móðgun gagnvart þeim sem hafa misst atvinnu sína. Eftir á að hyggja er það gott merki um að viðmælandi hafi verið samkvæmur sér og sannfæringu sinni að hann reki þessa vanhugsuðu spurningu aftur

ofan í rannsakanda. Spurningin hafði ekki verið hluti af viðtalsrammanum og kom upp skyndilega í flæði samtalsins. Eins vanhugsuð og mögulega leiðandi sem hún var gaf hún af sér einna áhugaverðustu hugleiðingar viðmælendanna. Í þeim birtast dæmi um viðhorf og gildismat sem túlka mætti sem birtingamynd innri stjórnrotar. Til þess að halda þessum vangaveltum gangandi spurði rannsakandi því næst hvort að viðmælanda fyndist skipta máli hversu mikinn innri styrk eða sjálfstraust maður hefur þegar kemur að því að glíma við vandamál á borð við atvinnuleysi.

Viðmælandi 1: Já, ég... ég er að upplagi svolítið þannig að ég tek mig ekkert rosalega alvarlega og ég reyni alltaf að hafa í huga sko þetta með að setja sig í spor annarra. Ég hef það alltaf í huga að það hafa alltaf einhverjir aðrir lent í einhverju svipuðu, maður reynir að draga lærdóm af annarra reynslu og... en auðvitað eru aðrir kannski öðruvísi og myndu eiga mjög erfitt með að díla við eitthvað svona, að missa vinnuna sem sagt og sumir myndu kannski taka þessu mjög persónulega og ég gerði það ekki. Ég var ekki reiður út í þessa menn í vinnunni hjá mér, þeir útskýrðu stöðuna hjá sér og vissi alveg að þetta væri nokkurn veginn satt sem þær væru að segja – þetta blasti nokkurn veginn við – þannig ég tók því ekki persónulega að hafa misst vinnuna. Ég ákvað það svolítið svona snemma og bara einsetti mér það að ég ætlaði ekki að láta þetta draga mig niður í eitthvað þunglyndi ... eða vera eitthvað miður yfir þessu. Ég bara ákvað, tók meðvitaða ákvörðun um það... að sko, hugsa ekki þannig um það.

Að sama skapi mætti túlka hvers kyns tilfinningalega fjarlægingu frá starfinu og uppsögninni sem viðbrögð sem hjálpa við að viðhalda jákvæðu viðhorfi. Orðalag á borð við „að lenda í þessu“ og „það eru svo margir í svipaðri stöðu“ komu fram þó nokkrum sinnum, sem gefur til kynna vilja mannanna til að neita að líta á atvinnumissinn sem einhverskonar vísbendingu um að þeir hafi ekki staðið sig í starfi, eða að þeir hafi átt uppsögnina skilið. Oftar en ekki fór slíkt orðalag hönd í hönd við umræðu um bankahrunið eða kreppuna, jafnvel þótt orðum væri ekki beinlínis komið að því. Stundum virtist sem að orðið *hrun* eða *kreppa* væru svo þrungen merkingu að það þyrfti ekki að útskýra merkingu þess og afleiðingar frekar. Að þessu leiti má ef til vill fá innsýn í það hvernig þeir hafa endurmótað sjálfsmýnd sína í kjölfar skaða á þá merkingu sem þeir lögðu í sjálfa sig sem félagslegar verur, þegar þeir höfðu misst eitt af hlutverkum sínum. Þetta birtist meðal annars í máli viðmælanda sem unnið hafði fyrir

fjármálastofnun, þegar hann var spurður út í það hvort hann hefði haft vonir um að færast upp metorðastigann innan á vinnustaðnum.

Viðmælandi 4: Ég hefði kannski geta gert það... en það átti bara ekki fyrir mér að liggja.

Að leyfa uppsögn að hafa ekki meiri merkingu en þetta er ef til vill nokkurs konar tilfinningaleg sjálfsvörn sem felst í því að velta sér ekki upp úr neikvæðum lífsviðburðum, heldur horfa fram veginn. Þetta birtist í viðhorfi sem mætti kalla „*jájá, ágætt starf*“. Þegar viðmælendur voru spurðir hvernig starfið hafi verið og hvernig þeim hefði liðið á vinnustaðnum virtust þeir oftast en ekki hafa fjarlægst sig tilfinningalega frá því og svöruðu af dálitlu áhugaleysi, líkt eins og framtíðarplön þeirra innan fyrrverandi vinnustaðar hefði enga merkingu fyrir þeim lengur. Starfið hafði, þegar á botninn var hvolft, eingöngu fjárhagslega merkingu – eða þannig kusu sumir að afgreiða starfið núna. Þetta tengist mögulega fyrrnefndri fjarlægingu, eða tilfinningalegri sjálfsvörn – neikvæðir lífsviðburðir fá ekki að stjórna sálarlífi þeirra. Starfið var bara *jájá, ágætt* - jafnvel þótt það hefði haft stærri merkingu fyrir þeim áður, þá afneita þeir því nú og sannfæra sig um að það hafi ekki verið neitt stórmál. Þetta viðhorf innri stjórnrotar í mótun sjálfsmyndar kemur jafnvel fram í máli eins viðmælandans þegar hann lýsir uppsagnarferlinu sjálfu:

Viðmælandi 1: Það var sem sagt starfsmannastjóri, ásamt mínum næsta yfirmanni, sem bara kölluðu mig á fund – og ástæðan sem gefin var sú að vegna lækkandi ... eða minnkandi verkefna, þá væri of mikið af fólki og vegna þess... mér var tjáð að vegna þess að ég væri með lægsta starfsaldurinn og aðrir reynslumeiri væru fyrir þá væri ekki... þá yrði að segja mér upp störfum.

Hér talaði viðmælandi á frekar formlegan hátt, hægt og yfirvegað - nánast eins og þetta sé fyrirframákveðin þula. Málið er stofnanakennt og orðalag eins og *vegna minnkandi verkefna* er ef til vill til merkis um að hann vilji ljá þessari frásögn nokkra opinbera vigt, líkt og hann vilji að sá sem hlýði á hann samþykki að þessar ástæður fyrir uppsögn séu lögmætar og að frammistaða hans í starfi hafi ekki verið þáttur í ákvörðuninni. Fyrirnefnd fjarlæging kemur ef til vill einnig fram í því þegar hann er spurður hvernig honum hafi líkað vinnustaðurinn og samstarfsfólk:

Viðmælandi 1: *Já, ágætlega. Að vísu voru allir sem unnu þarna svona tuttugu-þrjátíu árum eldri en ég þannig að ég kynntist ekki mikið af fólkinu, átti kannski ekki mikið sameiginlegt með því – en jújú, þetta var alveg ágætis staður til að vinna á... ég átti ágætis samstarf við já, næstum bara alla.*

Rannsakandi: *Meira svona formlegt, heldur en vinir?*

Viðmælandi 1: *Já, meira svona formlegt - eða jújú, ég mætti stundum á svona viðburði og allt það, en ég var ekkert að bindast einhverjum sérstökum vinaböndum við fólkið – fyrir utan bara vinnutengt.*

Hér lýsti viðmælandi starfinu af tiltölulegu áhugaleysi, eins og hann hefði enga sérstaka skoðun á því eða til þess að lýsa því. Það birtist einkum í því hvernig hann segir orðin *ágætlega* og *jújú*, nánast eins og andvarp og því að hann gerir sem minnst úr persónulegum tengslum á vinnustaðnum.

Viðmælendur veltu sumir sjálfir fyrir sér þeirri staðreynd að merking uppsagnar er huglæg og afstæð - og því breytileg eftir hverjum og einum. Miðað við hversu tiltölulega væg sálræn áhrif uppsögnin og atvinnumissirinn höfðu á flesta viðmælendur er ef til vill ekki fjarri lagi að segja að það hugarfar sem lýsir innri stjórnrot - og birtist glögglega í orðum þeirra og viðhorfi - sé það sem geri gæfumuninn. Bæði hvað varðar tilfinningaleg viðbrögð og ákvarðanatöku gagnvart næstu skrefum í lífinu. Hér skal þó ítrekað að þar sem enginn viðmælenda var atvinnulaus lengur en hálf ár, eru þessar vangaveltur aðeins settar í samhengi við skammtímaatvinnuleysi. Enginn viðmælendanna notaði orðið þunglyndi í þeirri merkingu að um viðvarandi ástand væri að ræða; heldur var talað um depurð eða leiða. Þó svo að mikilvægi innri stjórnrotar virðist gegna mikilvægu hlutverki í endurmótun sjálfsmyndar í kjölfar áfalls, þá má ekki gleyma því að stuðningur fjölskyldu og maka skiptir gríðarlegu máli sem öryggispúði gegn þunglyndi og tilfinningum á borð við tilgangsleysi og lífsleiða – sérstaklega þegar atvinnuleysi dregst á langinn.

Félagslegar afleiðingar

Í flokknum *félagslegar afleiðingar* voru athuguð áhrif atvinnumissis á samskipti viðkomandi við maka, fjölskyldu, vini og hvort þátttaka hans í samfélaginu eða heimilishaldi breyttist eftir atvinnumissinn.

Áhrif á samskipti við maka voru blandin og misjöfn, en áttu yfirleitt rætur að rekja til fjárhagslegra örðugleika og fylgifiska þess fremur en annarra þátta. Hjá sumum viðmælendum kom jafnvel á daginn að samskipti við maka hafði í raun batnað; áfallið kallaði á meiri tilfinningalega athygli og færðu þá nær hvor öðrum. Hjá öðrum fengu þörin ráðrúm til að leita á ný mið, eða láta reyna á plön og drauma sem geymd höfðu verið fyrir einhverja óskilgreinda fjarlæga framtíðina – svo sem nám, að flytja erlendis eða stofna eigin rekstur. Í umræðu um viðbrögð maka kom þó nær alltaf fram hugtakið *stuðningur*, í tilfinningalegri merkingu – og ekki var að greina vonbrigði eða ásakanir af þeirra hálfu.

Viðmælandi 2: *Hann bara svona samhryggðist og náttúrulega sagðist styðja mig sama hvað tautaði og raulaði.*

Viðmælandi 5: *... hann studdi mig bara og var ekki að kenna mér um neitt, hann ásakaði mig ekki um að hafa ... það var ekkert sem ég hefði eða hefði ekki geta gert sem hefði afstýrt þessu.*

Fjölskyldusamskipti fengu að því er virtist meiri tíma á meðan atvinnuleysinu stóð og í sumum tilfellum fengu mennirnir allskyns nýjar skyldur tengdar fjölskyldunum, sem í sumum tilvikum gáfu þeim ný hlutverk.

Viðmælandi 1: *...fyrir þann tíma þá þurfti mamma mín á hjálp að halda við að gera upp hús sem hún var nýbúin að kaupa og fann mér hlutverk, eitthvað að hafa fyrir stafni við þær framkvæmdir. Það þurfti að skipta um gólf, eða semsagt leggja parket... og hún málaði og endurnýjaði rafmagn og hita – og ég gerði helling í því að mála og ég er ekkert parketlagningameistari en ég hjálpaði eiginlega öllum iðnaðarmönnum þarna - svo ég var eiginlega bara í vinnu þarna nóvember-desember... Þannig ég fann ekki mikið fyrir minnkuðu hlutverki, nei - það var eiginlega ekki tími til þess.*

Þessar niðurstöður eru í samræmi við þá umræðu sem komið hefur í kjölfar hrunsins, varðandi afturlit til hinna *gömlu gilda*. Altalað var að fólk hefði gleymt sér í lífsgæðakapphaupinu og ekki gefið félagslegum gildum nógu mikinn gaum. Þegar fólk missti vinnu sína eða þegar yfirvinna var skorin niður var áberandi von hjá þjóðfélagspekúlöntum að fólk hefði nú ef til vill meiri tíma til að rækta fjölskyldu- og vinabönd. Ósagt skal látið hvort að sú hafi orðið raunin, en þó birtust merki um þessa þróun í máli nokkurra viðmælenda, þegar þeir ræddu reynslu sína af skammtímaatvinnuleysi.

Aftur á móti mátti einnig greina nokkra félagslega einangrun hjá flestum, þó að í mismiklu magni væri eftir hverjum og einum. Í stað þess að verja lunganum af vökustundum innan um samstarfsfélaga fóru margar stundir nú í einmanalegri iðju. Til að hjálpa tímanum að líða fundu menn sér ýmislegt til dundurs, t.a.m. bókalestur, tölvuleikjaspilun og listsköpun. Stundum kom fram í máli þeirra að þeir hálfskömmuðust sín fyrir að framtaksleysi og aðgerðarleysi á meðan atvinnuleysinu stóð, þrátt fyrir virka atvinnuleit.

Viðmælandi 2: *Ég veit ekki hvað ég eyddi mörgum klukkutímum á dag í að horfa á seríur (sjónvarpsþáttaseríur – innskot rannskanda), stundum bara öllum deginum þangað til að (makinn) kom heim... hann var líka alltaf að skamma mig fyrir að liggja uppí sófa allan daginn.*

Viðmælandi 3: *Stundum fór ég bara eitthvað út bara svo að (makanum) fyndist ekki eins og að ég væri alltaf bara heima að gera ekki neitt.*

Aðrir gátu stundað áhugamál sín með öðrum - og þar kom líkamsrækt fram hjá sumum sem leið til þess að koma sér út úr húsi snemma dags. Að sama skapi komu sumir í veg fyrir félagslega einangrun með því að hitta vini reglulega og með virkri þátttöku í kaffihúsa- og skemmtanamenningu.

Viðmælandi 5: *Ég var bara eitthvað svona að slæpast á kaffihúsum með félögum mínum. Ég missti enga vini þannig séð – ég hætti ekkert að hanga með þeim vinum sem ég átti fyrir, þannig ég myndi ekki segja að ég hafi einangrast eitthvað sérstaklega, nei. Ég var ekkert að loka mig af.*

Viðmælandi 2: *Jááá, ég sko lifði fyrir helgarnar á þessum tíma... var bara alltaf niðri bæ... af því að ég var sko búinn að vera að safna pening í svo langan tíma að þá hérna, það var ekkert mál þótt ég væri svolítið svona stórtækur í djamm-málum.*

Segja má að upplifun allra þátttakenda stemmi að einhverju leyti við tímamótarannsóknir Jahoda frá fjórða áratug síðustu aldar í Austurríki (Edgell, 2006). Þar kom einna fyrst fram að karlmenn virtust eiga erfiðara með að glíma við atvinnuleysi, sem birtist m.a. í því að tíminn virtist missa merkingu fyrir þeim, sjálfmynd þeirra veiktist og þeim var hættara við félagslegri einangrun. Eins og áður hefur komið fram hefur skýringa á þessum kynjamun helst verið leitað í arfleifð viðhorfa samfélagsins til ólíkra hlutverka kynjanna; karlinn skal vera úti á vinnumarkaði að skaffa – en konan á að sinna umönnun fjölskyldunnar og sjá um heimilisstörfin (Newman og Grauerholz, 2002). Upplifun þeirra samkynhneigðu karla sem þátt tóku í þessari rannsókn ríma sérstaklega við það sem viðkemur þeim hluta rannsóknar Jahoda, að sólarhringurinn hætti að hafa merkingu. Flestir játuðu fúslega að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að halda sér réttu megin sólarhringsins hafi það óðar en ekki farið í sama far.

Viðmælandi 3: *Ég á alveg til að snúa sólarhringnum við og vaka svo heilan dag eftir á til að rétta skipið af... svo jú, svefnvenjur fóru svolítið út í rugl á þessum tíma. Kannski eina vikuna var ég með allt á hreinu en svo var ég allt í einu farinn að vaka fram eftir og sofa langt fram yfir hádegi næstu viku, það var svolítið undir hælinn lagt.*

Viðmælandi 1: *Ja, dæmigerður dagur? Það var kannski enginn dæmigerður dagur heldur kannski allskonar blöndur af degi og nóttu... Ég hringsneri sólarhringnum eins og hamstur í hlaupahjóli - og já, eins og ég segi... Ég kannski hjálpaði alveg vel til á heimilinu, en heimilið okkar er lítið og það er ekkert svo mikið sem þarf að gera og þess utan gerði maður eins og þetta hefði verið endalaus helgi.*

Viðmælandi 2: *Ég fór yfirleitt ekkert að sofa fyrr en eftir klukkan þrjú, var hangandi frammi í stofu í tölvunni eða eitthvað. Stundum fór ég ekki að sofa fyrr en (maki) var að vakna... (brosir) stundum skreið ég upp í svona klukkutíma áður en ég vissi að hann vaknaði, svo hann fattaði ekki hvað ég væri búinn að vaka lengi.*

Á móti kemur hinsvegar að flestir nefndu það að hafa tekið á sig meiri skyldur innan heimilisins, svo sem að halda heimilinu hreinu, vaska upp og þvo föt - auk ýmislegs sem tengist viðhaldi eða að gera upp heimili eða bílinn.

Viðmælandi 4: Á meðan ég var heima, þá bar ég alveg svona mína vig. Ég byrjaði að taka meira til mín öll heimilisstörf... eins og ég segi, fannst mér ég hafa bara bætt við mig.

Aldrei var þó talað um húsverk á þann veg að þau hefðu orðið meginhlutverk viðkomandi á heimilinu; svo virtist sem að aukin húsverkin hefðu einfaldlega verið hliðarverkun atvinnuleysis af praktískum ástæðum, frekar en til að bæta fyrir tapað framlag í búið. Þegar spurt var hvort að viðmælendum hefði fundist þeir hafa misst hlutverk sín að einhverju leyti, var ljóst af svörum þeirra að hlutverk sitt sem fyrirvinna skipti þá vissulega máli – en aðeins í þeirri merkingu að fjárhagslegt frelsi þeirra minnkaði og álag á maka jókst. Svo virtist sem að engum fyndist að atvinnumissir væri meiriháttar hnekkir á sjálfsmynd þeirra eða karlmennsku, eða að þeir hafi á einhvern hátt misst eitthvert vald, líkt og Mirra Komarkovsky taldi að fyrirvinnu- og húsbóndahlutverk karla hverfðist um (1940; 2004).

Að öðru leyti virðast upplifanir þátttakenda ríma vel við hefðbundin viðbrögð karla við atvinnumissi, en ekki kom fram í máli þeirra að þeim fyndist auknar skyldur á heimilinu draga úr sjálfstæði þeirra, líkt og Coyle (1984) taldi að sé eitt af helstu neikvæðu afleiðingum atvinnumissis á konur.

Víða hafa hefðbundin kynhlutverk byrjað að renna saman, þar sem gildismat og lífsstíll kynjanna verða sífellt líkari. Því væri áhugavert að rannsaka hvort gagnkynhneigður karl hefði átt jafnauðvelt með að ákveða að fara í nám í kjölfar uppsagnar og látið konu sína vera einu fyrirvinnuna, eins og í tilfelli viðmælanda 1 og maka hans. Hann valdi námsleiðina og þrátt fyrir að hafa misst fyrirvinnuhlutverk sitt fannst honum hann ekki hafa misst hlutverk sitt á heimilinu.

Fjárhaglegar afleiðingar

Flokkurinn *fjárhagslegar afleiðingar* áhrif er eins og gefur að skilja nátengdur fyrri tveimur flokkunum, þar sem tekjumissir getur haft mikil áhrif á heimilishaldið og samskipti við maka. Áhyggjur voru nokkrum sinnum nefndar á nafn og þá helst í tengslum við afborganir af húsnæðislánnum. Allir náðu þó að brúa tímabilið frá því að þeir misstu vinnuna og þar til þeir fundu sér nýja með a) þeirri eingreiðslu eða mánaðarlegu launagreiðslum sem þeir þáðu yfir uppsagnarfrestinn, b) atvinnuleysisbótum, c) þeim peningum sem þeir höfðu áður safnað upp - og d) fjárhagslegum stuðningi frá maka eða foreldrum.

Viðmælandi 1: *Ég og maki minn færðum skattkortið mitt, þar er svona persónuafsláttur og þar sem við erum í staðfestri samvist þá megum við færa persónuafsláttinn á milli okkar og þar sem ég var ekki að fara að fá nein laun að þá færðum við minn persónuafslátt yfir á hans skattkort, þannig að hann fengi meiri persónuafslátt, það var svona það eina sem við gerðum.*

Viðmælandi 5: *Við vorum náttúrulega í betri málum á meðan við vorum báðir með laun...Við byrjuðum á því að borga niður skuldir svo við værum bara með eina skuld, það er að segja húsnæðislánið og það er nú tiltölulega lágt. Þetta bara er lítil hógvær eign sem við höfum og sú skuld jókst svona... jújú, auðvitað hækkaði hún í kjölfar hrunsins, en samt ekkert katastrofískt mikið. Þó við eigum ekkert mikið sparifé, þá náðum við alveg endum saman.*

Fyrir velflesta þeirra birtist tekjutap í meira aðhaldi á eyðslu og innkaupum. Sumarlandaferðir og heimsóknir til fjölskyldu og vina í útlöndum urðu að engu hjá tveimur pörum, alla vega þangað til að fjárhagurinn batnaði. Allt sem talið var óþarfi var skorið við nögl, en þó gefið rúm til að lifa og skemmta sér eitthvað.

Viðmælandi 3: *Maður byrjaði að hafa áhyggjur að maður myndi ekki hafa mikla peninga, þannig ég tók bara meðvitaða ákvörðun um að maður þyrfti að skrúfa niður allan óþarfa – en jújú, maður fór samt út að skemmta sér... já ég minnkaði þetta eitthvað, en alls ekki niður í ekki neitt.*

Heilsufarsleg þýðing

Lýðheilsurannsóknir hafa sýnt fram á það hvernig niðursveiflur í efnahagslífi og meðfylgjandi atvinnuleysis hefur haft áhrif á tíðni ýmiss konar andlega og líkamlega kvilla (Cockerham, 2004). Miðlunarbreytur á milli atvinnuleysis og sjúkdóms geta meðal annars verið aukið álag og stress við að ná endum saman, en ekki síst í gegnum aukna áhættuhegðun. Því var athugað hvort atvinnumissir hefði haft bein eða óbein líkamleg áhrif, til að mynda í formi aukinna reykinga, drykkju, fíkniefnanotkunar, auknu áti á óhollri fæðu eða hreyfingaleysi.

Fjórir af fimm þátttakendum sögðust stunda einhverja líkamsrækt og virtust hafa haldið henni nokkurn veginn óbreyttri á meðan atvinnuleysinu stóð, enda hefðu þeir í flestum tilvikum greitt meðlimagjald fyrirfram og því engin fjárhagsleg mótstaða við að halda áfram. Einn minntist sérstaklega að hafa fjölga ferðum sínum, einkum á morgnana, til að koma sér af stað á daginn.

Fram kom í máli tveggja viðmælenda að þeir reyktu að staðaldri og að tóbaksneysla þeirra hefði aukist, þrátt fyrir að þeir ættu síður efni á því.

Viðmælandi 1: (Reykingarnar) voru svipaðar, þar til ég byrjaði að vinna í þessu skrattans húsi, þá var eiginlega ekkert að gera milli tarna nema fá sér kaffi og sígó – það var stundum ekkert rafmagn þarna og gat oft verið ískalt þarna – og nákvæmlega ekki neitt þarna inni, nema byggingavörur og drasl... svo ég byrjaði bara að reykja meira.

Viðmælandi 3: Áður var ég ekkert sérstaklega að reykja. Ég hafði reykt á djamminu um nokkurra ára skeið og haldið þessu innan þess, föstudaga og laugardaga – en síðan var ég byrjaður að reykja á virkum dögum líka.

Misjafnt var eftir einstaklingum hvort þeir höfðu dregið úr áfengisneyslu sinni, aukið hana eitthvað – eða að hún hefði haldist svipuð. Enginn virtist þó vera gefa til kynna ofdrykkju eða mikla drykkju á virkum dögum. Enginn játaði að notast við fíkniefni, utan einn sem minntist á neyslu kannabisefna.

Viðmælandi 3: *Nei, ég myndi ekki segja að ég hefði reykt eitthvað minna eða meira en áður, bara svipað. Held að ég hafi fengið mér svona þrisvar eða eitthvað í haus.*

Þegar kom að matarvenjum kom í ljós að menn borðuðu minna úti – en sumir borðuðu meira af hollari mat heima við á meðan aðrir keyptu sér meira af snakki og sælgæti en áður.

Viðmælandi 5: *Á meðan ég var í vinnu var ég reyndar með mjög gott mötuneyti sem ég nýtti mér vel, þó það væri ekkert endilega svo hollur matur sem ég borðaði þar, þá var þetta samt svona fastur punktur – en eftir það ... ég breytti því ekki til betri eða verri vegar, held ég... við borðuðum bara heima og sú rútína hélt nokkurn veginn bara sínu striki. Svo var maður að nasla allskyns drasl, þess utan. Það var eiginlega ekki mikinn mun að merkja þar.*

Atvinnuleysi getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu fólks - sérstaklega ef því fylgir verri aðgangur að heilbrigðisþjónustu (Brenner og Mooney, 1983) – og hjá sumum þátttakendum þýddi atvinnumissirinn einmitt lakari aðgangur að lækniþjónustu.

Viðmælandi 1: *Það var líka svona sérstakur... hérna, lækni innanhúss og allir gátu talað við hann innan vinnutíma.*

Ljóst er að viðkomandi missti réttinn á þessum gjaldlausu lækniheimsóknum á vinnustaðnum, sem gæti mögulega haft neikvæðar afleiðingar á heilsu hans ef hann veiktist og hikaði við að fara til læknis vegna fjárskorts.

Umræða og lokaorð

Í þessari litlu eigindlegu rannsókn sem hverfðist um reynslu fimm samkynhneigðra karla af atvinnumissi var leitast við að skoða áhrif risavaxinna þjóðfélagshræringa á upplifun einstaklinga, út frá því hvernig lífsviðburðir þeirra komu þeim sjálfum fyrir sjónir. Á vissan hátt var leitast eftir að samtvinna macro og micro hliðar atvinnuleysis með því að greina frá vísindaheimspeki virknihyggjukenninga og fikra sig þaðan yfir í millistig samfélagsgerðarinnar og loks inn í atóm samfélagsins: hugsanir, líðan og tilfinningar einstaklinga. Til þess að svo mætti vel vera þurfti að greina inntak frásagna þátttakenda og flokka í þemu og hugtök, sem hægt væri að máta við ýmsar fyrirliggjandi kenningar um viðfangsefnið.

Í ljós komu fjórir höfuðflokkar sem endurspegluðu *sálrænar*, *félagslegar*, *ffjárhagslegar* og *heilsufarslegar* afleiðingar atvinnumissis. Hver flokkur byggir á hluta frásagnar þátttakenda rannsóknar og hafa allir sín undirþemu og hugtök. Sumir flokkar byggja á augljósum hlutlægum atburðum og gjörðum, svo sem aðlögun viðmælenda að breyttum aðstæðum. Undir niðri má þó greina eina áhugaverðustu niðurstöðuna – nokkuð sem var ekki sagt berum orðum í viðtölunum, en finna má bersýnileg merki um. Hér er vísað til þeirrar *innri stjórnrotar* sem virðist vera bæði vörn gegn neikvæðum tilfinningum og depurð - og um leið hvati til þess að bregðast hratt við breyttum aðstæðum með jákvæðu en jafnframt raunsæislegu viðhorfi. Þetta þema í viðbrögðum viðmælenda kom ekki í ljós sem meginþráður í máli þátttakenda fyrr eftir að rýnt hafði verið í textann og greind sú merking sem þeir sjálfir lögðu í framvindu mála. Með því að kóða þætti huglægrar reynslu viðmælendanna yfir í hlutlæga flokka var hægt að koma orðum að þessum duldu hlið málsins.

Eins og fram kemur í máli eins viðmælendans, er ekki sjálfgefið að atvinnumissir sé *tækifæri* til að leita á ný mið og láta drauma rætast. Það þarf að taka meðvitaða og vandlega íhugaða ákvörðun um hvað skuli taka við og berjast svo fyrir settum markmiðum. Grunnurinn að þessu viðhorfi er jákvæð hugsun og trú á sköpunarmátt sjálfs síns.

Samkvæmt Marie Jahoda var merking atvinnu í nútímasamfélögum ekki aðeins bundin við hina auðsjáanlegu markaðshyggjulegu þýðingu hennar. Með því að skoða áhrif atvinnuleysis mátti greina hina duldu merkingu atvinnu, sem að birtist í fimm flokkum sem sameiginlega skipa grundvöll andlegrar heilsu og hamingju að mati Jahoda: tímastrúktúr, mannleg samskipti, þörf fyrir sameiginleg markmið eða tilgang, félagsleg staða /sjálfsmýnd og virk dagleg rúttína (Edgell, 2006).

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru að nokkru leyti í takt við nærri aldargamla

rannsókn Jahoda á viðbrögðum karla á atvinnuleysi, ekki síst þegar kemur að því að halda daglegri rútínu gangandi. Þeir glímdu við verkefnaskort og leiða, auk þess sem að þeir vöktu fræftir og áttu erfitt með að koma sér fram úr rúminu fyrir hádegi. Þeir einangruðust að einhverju leyti félagslega, en voru þó allir meðvitaðir um þær hættur sem fylgdu of mikilli einveru og voru flestir virkir í því að hafa eitthvað fyrir stafni á daginn.

Karlarnir sem tóku þátt í rannsókninni sýndu ekki sterk merki um það atvinnumissir væri á einhvern hátt meiriháttar hnekkir á sjálfsmynd þeirra. Fyrirvinnuhlutverkið virtist ekki vera heilagur grundvöllur tilveru þeirra - og við uppsögn er ekki að sjá að þeim fyndist þeir hafi þeir misst yfirvald á heimilinu, eða að öðrum þætti minna til þeirra koma, líkt og kom fram í kenningum og rannsóknum Komarkovsky (1940; 2004). Þessir menn virðast því ekki vera dæmi um „karlmennsku í krísu“ eins og Levant (1997) kallar tregðu forréttindahóps hvítra, gagnkynhneigðra millistéttarkarla til að láta af kynjuðum eðlishyggjuhugmyndum feðraveldisins. Sjálfsmynd þeirra virðist ekki mótast eins sterklega af hefðbundnum viðmiðum og skilgeiningum feðraveldis á hvernig á að leika karlmennskuhlutverkið – og því má ef til vill halda því fram að atvinnumissir sé ekki aðför að kjarna sjálfsmyndar þeirra og félagslegrar stöðu, eins og kemur fram í litteratúr félagsvísinda um áhrif atvinnuleysis.

Þó svo að uppsögn ræni menn þeim þáttum atvinnunnar sem stuðla að andlegri heilsu og hamingju mannsins, er þó ljóst að það tókst ekki að ræna mennina þeim þáttum sem hjálpuðu þeim hvað mest þegar vandi var á höndum, bæði félagslega og fjárhagslega - stuðningi fjölskyldu og maka - og trú þeirra á sjálfa sig.

Heimildaskrá

Artazcoz, L., Benach, J., Borell, C. og Cortés, I. (2004). Unemployment and Mental Health: Understanding the Interactions Among Gender, Family Roles and Social Class. *American Journal of Public Health*, 94(1), 82-88.

Björklund, A. og Eriksson, T. (1998). Unemployment and mental health: evidence from research in the Nordic countries. *International Journal of Social Science* 7(3), 219-235.

Brenner, M. og Mooney, A. (1989). Unemployment and Health Under In The Context Of Economical Change. *Sociological Science and Medicine*, 17 (16), 1125-1138.

Carrington, C. (1999). *No place like home: Relationships and family life among lesbians and gay men*. Chicago: University of Chicago Press

Cockerham, W. (2004). *Medical Sociology* (9. útgáfa). Upper Saddle River: Pearson.

Collins, R. og Makowski, M. (2005). *The Discovery of Society* (7. útgáfa). Boston: McGraw-Hill.

Conrad, P. (2007). *The Medicalization of Society: On the Transformation of Human Conditions into Treatable Disorders*. Baltimore: The Johns Hopkins University Press.

Conrad, P. og Schneider, J. S. (1985). *Deviance and medicalization: from badness to sickness*. Columbus: Merrill.

Coontz, S. (1992). *The Way We Never Were*. New York: Basic Books.

Coyle, A. (1984). *Working women : a study of the meaning of employment and unemployment in women's lives*. Sótt þann 23. apríl 2012 af: http://wrap.warwick.ac.uk/4245/1/WRAP_THESIS_Coyle_1984.pdf

Dooley, D. og Catalano, R. (1980). Economic Change as a Cause of Behavioral Disorder. *Psychological Bulletin*, 17 (3), 450-468.

Durkheim, É. (1897; 1951). *Suicide*. Glencoe: Free Press.

Edgell, S. (2006). *The Sociology of Work*. London: Sage.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.

Félags- og tryggingarmálaráðuneytið. (2009). *Áfangaskýrsla Jafnréttisvaktarinnar*. Sótt þann 23. apríl 2012 af: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Afangaskýrsla_jafnréttisvaktarinnar.pdf.

Fineman, S. (1987). *Unemployment: Personal and Social Consequences*. London: Lavistock Publications.

Giddens, A. (2009). *Sociology*. (6. útgáfa). Cambridge: Polity.

Hagstofa Íslands. (2008). *Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi á 4. ársfjórðungi 2008*. Sótt þann 4. apríl 2012 af: <http://www.hagstofan.is/Pages/95?NewsID=4053>

Hagstofa Íslands. (2010). *Hagtíðindi. Vinnumarkaður 1991-2009*. Sótt þann 4. apríl 2012 af: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11081>

Hagstofa Íslands. (2012). *Hagtíðindi. Vinnumarkaður 2011*. Sótt þann 4. apríl 2012 af: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13623>

Houston, D. M. (ritstjóri). (2005). *Work-Life Balance In The 21st Century*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Komarovsky, M. (1940; 2004). *The unemployed man and his family: the effect of unemployment upon the status of the man in fifty-nine families*. Walnut Creek: Altamira-Press.

- Kurdek, L. (2007). The Allocation of Household Labor by Partners in Gay and Lesbian Couples. *Journal of Family Issues*, 28 (1), 132-148.
- Lauren, Paul Gordon. (2003). *The evolution of international human rights*. Pennsylvania: University of Pennsylvania Press.
- Leira, A. (1992). *Welfare States and Working Mothers*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Levant, R. (1997). The Masculinity Crisis. *The Journal of Men's Studies*, 5 (3), 221-232.
- Lilja Mósesdóttir. (2004). *Policies shaping employment, skills and gender equality in the Iceland labour market*. Bifröst: Viðskiptaháskólinn Bifröst.
- Linda Fanney Valgeirsdóttir. (2010). Réttarstaða samkynhneigðra: skref fyrir skref. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- McWhirter, D. P. og Mattison, A. M. (1984). *The male couple: How relationships develop*. Englewood Cliffs: Prentice Hall.
- Mill, J. S. (1869 ;2003) *Kúgun kvenna* (3. útgáfa). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Mills, C.W. (1959). *The Sociological Imagination*. Harmondsworth: Penguin.
- Moe, K. (2003). *Women, Family and Work*. Malden: Blackwell Publishing, Ltd.
- Neuman, L. (2005). *Social research methods: quantitative and qualitative approaches* (6. útgáfa). London : Allyn and Bacon.
- Newman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of Families* (2. útgáfa). Thousand Oaks, California: Pine Forge Press.
- OECD. (2006). *Women and Men in OECD Countries*. Sótt 5. mars 2010 af: <http://www.oecd.org/labourmarket>

- OECD. (2007). *OECD Family Database*. Sótt 5. mars 2010 af: http://www.oecd.org/document/4/0,3343,en_2649_34819_37836996_1_1_1_1,00.html).
- Oerton, S. (1997). „Queer Housewives?“. Some Problems in Theorising the Division of Domestic Labour in Lesbian and Gay Households. *Women's Studies International Forum* 20 (3), 421-430.
- Salomon, S., Rothblum, E. og Balsam, K. (2005). Money, Housework, Sex, and Conflict: Same-Sex Couples in Civil Unions, Those Not in Civil Unions, and Heterosexual Married Siblings. *Sex Roles*, 52 (9), 561-575.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (ritstj. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson). Akureyri: Háskólinn á Akureyri, 161-181.
- Silverstein, L. (1996). Fathering is a feminist issue. *Psychology of Women Quarterly*, 20, 3-37.
- Snyder, S. (2001). Personality Disorder and the Film Noir Femme Fatale. *Journal of Criminal Justice and Popular Culture*, 8 (3), 155-168.
- Stefán Ólafsson. (1996). *Hugarfar og hagvöxtur: menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Tausig, M. og Fenwick, R. (1999). Recession and Well-Being. *Journal of Health and Social Behavior*, 40, 1-16.
- Taylor S. J. og Bogdan R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. Hoboken: John Wiley & Sons, Inc.
- Thio, A. (2006). *Deviant Behavior*. (8. útgáfa). Boston: Pearson.
- Turner, J., Beeghley, L. og Powers, C. (2006). *The Emergence of Sociological Theory* (6. útgáfa). Belmont, CA: Thomson.

Valdís Ösp Árnadóttir. (2007). *Börn og starfsframi: eru barneignir hvatning eða hindrun fyrir konur á íslenskum vinnumarkaði?* Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Velferðarráðuneytið. (2007). *Atvinnuleysi 0,8% í október*. Sótt þann 4. apríl 2012 af:
<http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkygningar/nr/3586>

Viðauki - Viðtalsrammi

Inngangsspurningar:

Byrja viðtalið á að kynna sig og þakka þátttökuna og tímann sem verður gefinn – skapa þægilegt andrúmsloft. Greina frá eftirtöldum atriðum: a) eðli og tilgangi verkefnisins, b) hvað viðtalið muni taka langan tíma, c) lofa fullum trúnaði og nafnleynd, ítreka að enginn mun sjá þessi gögn nema rannsakandi og kennari hans, d) taka fram að hann þurfi ekki að svara einstökum spurningum ef hann vill það ekki, e) spyrja hvort í lagi sé að samtalið verði hljóðritað, f) þegar viðmælandi og upptökubúnaður er tilbúinn: spyrja hvort það sé í lagi að hefja upptökuna.

Bakgrunnsspurningar:

Hvað ertu gamall? Hvaðan ertu - hvar býrðu núna?

Ertu með atvinnu eða stundar þú nám? (...hvaða vinnu, hvaða nám?)

Býrðu með einhverjum? (...hvað hafið þið búið lengi saman?)

Hvaða áform hefur þú fyrir næstu tvö-þrjú ár?

Meginspurningar:

Hvar hafðir þú atvinnu áður en þú hófst nám? Hvernig vinna var þetta?

Leið þér vel í starfi? (Voru vinnutímarnir ásættanlegir? Varstu sáttur við launin? Var mikið eða lítið álag? Kom þér vel saman við yfirmenn og samstarfsfólkið?) Hvaða væntingar hafðir þú til starfsins?

Hvernig var þér sagt upp starfi? Þ.e.a.s. hver gerði það og hvernig var það gert?

Kom það þér á óvart? Hvernig leið þér strax á eftir? Var þér boðið að fara heim? Hvernig brást maki þinn við fréttunum?

Hvernig leið þér næstu daga á eftir? Hafði þetta einhver áhrif á sjálfstraust þitt? Hugsaðir þú öðruvísi um sjálfan þig eftir á? Fannst þér makinn hugsa öðruvísi um þig en áður? Breyttust samskipti ykkar eitthvað? Fannst þér meira álag á honum en áður? Fannst þér þú hafa misst hlutverk þitt á heimilinu eða var það ekkert mál?

Hvernig var dæmigerður dagur hjá þér á meðan þú varst atvinnulaus? Fannst þér þú einangrast meira eða var það ekkert mál? Fannst þér aðrir í kringum þig hugsa öðruvísi um þig en áður?

Breyttust svefnvenjur þínar eitthvað? Breyttust matarvenjur þínar eitthvað? (óhollari mat, fleiri máltíðir?) Hreyfðir þú þig minna, meira eða svipað? Breyttist áfengisneyslan? Reyktir þú minna, meira eða svipað? En fíkniefnaneysla?

Hvað fannst þér um úrræðin sem voru í boði? Hvernig voru fjárhagsmálin? Hvernig gekk að aðlagast tekjumissi?

Hvað hafði áhrif á hvað þú gerðir næst? Hvað finnst þér um þessa reynslu í dag? Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri áður en við hættum?

Þakka fyrir þátttökuna og slökkva á upptökunni.